

# SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1973  
REYKJAVÍK 1974

ÍSARFOLDARPRENTSMÍÐJA HF.

## EFNISYFIRLIT

<b>Skýrsla bankastjórnar . . . . .</b>	<b>5</b>
Yfirlit yfir þróun efnahagsmála . . . . .	5
Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur . . . . .	9
Greiðslujöfnuður og gjaldeyrismál . . . . .	16
Þróun ríkisfjármála . . . . .	26
Þróun peningamála . . . . .	31
Starfsemi fjárfestingarlánasjóða og lífeyrissjóða . . . . .	41
Yfirlit yfir lánamarkaðinn . . . . .	46
Gengismál . . . . .	50
Erlend mál og samningar . . . . .	54
Umsjá sjóða og ýmis starfsemi fyrir ríkissjóð . . . . .	57
Rekstur bankans og ýmis starfsemi . . . . .	63
Stjórn bankans og starfslíð . . . . .	67
<b>Reikningar 1973 . . . . .</b>	<b>71</b>
<b>Töflur . . . . .</b>	<b>79</b>





# SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

## YFIRLIT YFIR ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA

Þróun efnahagsmála á árinu 1973 einkenndist af áframhaldandi hagvexti, mikilli aukningu rauntekna, jafnframt því sem verðbólga jókst örar en dæmi eru til og umframeftirspurn eftir vörum og þjónustu magnaðist, eftir því sem á árið leið.

Miklar erlendar verðhækkanir komu fram í stórhækkunni útflutningsverðlagi, en sú hækkun verkaði mjög í þensluátt á peningamagn og innlenda eftirspurn. Verðlag á innflutningi hækkaði einnig mikið, þó ekki eins mikið og útflutningsverð, en það varð aftur til að ýta undir hækkun verðlags og kaupgjalds hér innanlands. Til að draga úr erlendum verðhækkunaráhrifum á innlent verðlag var tekin upp ný stefna í gengismálum á árinu, en með henni var hætt að binda íslensku krónuna við fast stofngengi, heldur var gengi hennar gert breytilegt dag frá degi, eftir því sem aðstæður kröfðust. Var þetta annars vegar gert vegna mikilla breytinga á gengi helztu viðskiptagjaldmiðla heimsins og hins vegar til að hamla gegn verðbólgu heima fyrir. Þá hafði eldgosíð í Vestmannaeyjum víðtæk áhrif á gang efnahagsmála á árinu. Eldgosíð kom á þeim tíma, er skortur var á vinnuafli til að annast björgunar- og endurreisnaraðgerðir, auk þess sem það truflaði framleiðslu í stærstu verstöð landsins. Truflun á framleiðslu vegna gossins reyndist þó minni fyrir árið í heild en ætla hefði mátt, en hins vegar jók það mjög á misvægið milli framboðs og eftirspurnar í þjóðfélaginu. Þótt framleiðslukraftar þjóðarbúsins hefðu verið mikið til fullnýttir í upphafi ársins, nam aukning þjóðarframleiðslu 5,5% á árinu, og verður það að teljast mjög viðunandi hagvöxtur miðað við allar aðstæður.

Í heild má rekja mestan hlutann af hinni hagstæðu útkomu á árinu 1973 til góðs árferðis í sjávarútvegi. Aukningin í framleiðslumagni sjávarútvegsins var nokkur vegna aukins loðnu-

### Ytri aðstæður þjóðarbúsins

## **Framleiðsla**

afla. Mestu máli skipti þó verðhækkun sjávarafurða, sem nam meira en helmingi á árinu. Voru þessar hækkanir á verði útflutnings langt umfram hækkanir á innflutningsverðlagi, þannig að viðskiptakjör við útlönd bötнуðu mjög og þjóðartekjur jukust um 9,5% að raunvirði.

## **Eftirspurn**

Heildareftirspurn innanlands jókst einnig nokkuð hratt, en fjárfesting í skipum og húsum Viðlagasjóðs hafði mikil áhrif á vöxt eftirspurnar. Sé þessari sérstöku fjármunamyndun haldið utan við, þá jukust aðrir þættir innlendra eftirspurnar mun hægar en árið áður. Stafaði þetta af miklum verðhækkunum, sem eyddu hækkunum peningatekna að meiri mun en næstu tvö árin á undan. Vöxtur einkaneyzlu var nokkru minni 1973 en næstu tvö árin á undan. Þá var og minni aukning í almennri byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð en árið áður, enda var mikið af vinnuafli við byggingariðnað bundið við björgunarstarfsemina í Vestmannaeyjum. Í næsta kafla hér aftan við er þróun eftirspurnar rakin nánar.

Útflutningur vöru og þjónustu jókst mun meira á árinu 1973 en hugsanlegt gat talizt í upphafi ársins. Átti verðhækkun sjávarafurða þar mestan hlut að máli, en alls jókst verðmæti vöruútflutnings um meira en helming frá árinu áður, miðað við sama dollaragengi bæði árin. Tekjur af þjónustuviðskiptum jukust og um rúman fimmtung. Hins vegar var aukning innflutnings hlutfallslega mjög svipuð og útflutnings. Í heild varð viðskiptajöfnuður óhagstæður um 2,6 milljarða króna, sem er 900 millj. kr. meiri halli en árið áður, en þessi rýrnun stafaði eingöngu af miklum innflutningi sérstakra fjárfestingarvara, sem fjármagnaður er af erlendu fé.

## **Greiðslujöfnuður**

Miklar sveiflur í innflutningi fjárfestingarvara og útflutningsbirgðum gera samanburð viðskiptajafnaðar milli ára oft erfiðan. Sé leitazt við að jafna þessum sveiflum milli ára, lætur nærri, að viðskiptajöfnuðurinn hafi batnað um nær 2 milljarða kr. milli áráanna 1972 og 1973.

Hallinn á viðskiptajöfnuðinum 1973 var meira en jafnaður með fjármagnsinnflutningi, þannig að heildargreiðslujöfnuðurinn varð hagstæður um nær 1000 millj. kr., en vegna hækkandi gengis krónunnar varð aukning nettógaldeyriseignar bankanna aðeins um 62 millj. kr. í krónum talið, en í dollurum jókst hún um 11,4 millj. dollara í 74,7 millj. dollara í árslok 1973. Í kaflanum um greiðslujöfnuð hér aftan við er þróun utanríkisviðskipta og greiðslujafnaðarins rakin nánar.

Meiriháttar breytingar urðu á stefnunni í gengismálum á árinu. Í upphafi ársins hafði gengið nýlega verið lækkað til að



## Gengismál

mæta rekstrarerfiðleikum útflutningsatvinnuveganna, en skömmu síðar skipuðust svo veður í lofti, að verðlag útflutnings fór stórhækkandi, og með vorinu hafði staða sjávarútvegsins gjörbreytt. Útlit var fyrir, að aukning útflutningstekna myndi dreifast um allt hagkerfið í formi hækkandi peningatekna, sem aftur mundu auka á verðbólguvandann. Ákveðið var að reyna að koma í veg fyrir þetta með því að hækka gengi krónunnar í lok apríl og dreifa þar með aukningu útflutningstekna um hagkerfið í formi lægra verðlags.

Í marz 1973 breyttust aðstæður í alþjóðagjaldeyrismálum svo, að hætt var að skrá dollarann á föstu stofngengi, heldur var framboð og eftirspurn látin ráða gengi hans á hverjum tíma. Gerði þetta ókleift að halda gengi krónunnar fastskráðu, þannig að 14. júní var með lögum heimilað að leyfa gengi krónunnar að víkja út fyrir 2,25% frávik frá stofngengi. Í kjölfar þessarar breytingar var tekin upp sú stefna að leyfa meðalgengi krónunnar að hækka til að reyna að draga úr verðbólguáhrifum hækkandi útflutnings- og innflutningsverðlags. Í heild hækkaði vegið meðalgengi íslensku krónunnar um nær 15% frá apríl til áramóta.

Hin sveigjanlega stefna í gengismálum, sem tekin var upp, hamlaði nokkuð gegn verðbólguþróuninni. Er talið, að bein verðlækkunaráhrif gengishækkunarinnar frá apríl til áramóta hafi verið um 4%, auk þess sem hún dró úr víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags. Er sýnt, að með þessu móti má nota breytilegt gengi sem þýðingarmikið hagstjórnartæki til að vernda efnahagslífið fyrir utanaðkomandi áhrifum. Á hinn bóginn sýndi það sig, að erfitt getur orðið fyrir sumar útflutningsgreinar að taka á sig gengisbreytingar, sem að miklu leyti ákvarðast af verði sjávarafurða. Má telja, að stefnan í gengismálum hafi haft nokkur neikvæð áhrif á afkomu útflutningsiðnaðarins, og er hér um það almenna vandamál að ræða, hvernig tryggja megi afkomu nýrra útflutningsgreina, ef kaupgjald og gengi ákvarðast fyrst og fremst með tilliti til síbreytilegrar afkomu sjávarútvegsins.

## Verðbólga

Drátt fyrir áhrif gengishækkunar í átt til lækkunar verðlags urðu verðhækkanir óvenju miklar á árinu. Komu þar til grunnkaupshækkanir í marz ásamt síðari víxlhækkunum launa og verðlags, en þar í fléttaðist mikil verðhækkun á innflutningi, einkum er leið á árið. Þá átti mikil þensla peningamagns sinn þátt í því að auka verðbólguna.

Aukning peningamagnsins nam 46% á árinu 1973, og var hún um 8% meiri en hækkun þjóðartekna á gengu verðlagi og átti

**Orsakir  
peningaþenslu**

þannig verulegan þátt í vaxandi eftirspurnarþenslu. Þrjár meginorsakir lágu að baki þessarar aukningar peningamagns.

Í fyrsta lagi átti sér stað mikið innstreymi fjár frá útlöndum vegna hækkandi útflutningsverðlags og batnandi gjaldeyrisstöðu. Í öðru lagi varð mikill halli á greiðslustöðu opinberra aðila gagnvart Seðlabankanum, en hann nam nálægt 1200 millj. kr. á árinu. Er nánar vikið að þessum viðskiptum í kaflanum um ríkisfjármál hér aftan við. Í þriðja lagi jukust útlán innlánsstofnana um 33% borið saman við um 20% árið áður. Nettóskuldir innlánsstofnana við Seðlabankann jukust um 325 millj. kr. þrátt fyrir mikla aukningu innlána. Í því skyni að draga úr útlánaþenslu innlánsstofnana var innlánsbinding tvívegis hækkuð á árinu, í maí og september, en þær ráðstafanir drógu úr ráðstöfunarfé bankanna um rúmar 500 millj. kr. Einnig voru vextir hækkaðir í maíbyrjun um 2—3% til að sporna við vaxandi verðbólgu.

Af því, sem að framan greinir, má álykta, að ekki hafi í stjórn efnahagsmála verið veitt nærri því nógu öflugt viðnám gegn verðhækkunum og þenslu eftirspurnar, enda þótt aðgerðum í gengis- og peningamálum hafi verið beitt í meira umfangi en oft áður. Hin stórfellda hækkun á útflutningsverðlagi bætti að vísu greiðslustöðu þjóðarbúsins um tíma og kom í veg fyrir aukningu viðskiptahallans, en jók ásamt hækkun á innflutningsverðlagi samtímis á verðbólguvandann, sem var ærinn fyrir. Um áramótin var verðbólguvöxturinn kominn yfir 30% á ársgrundvelli, um leið og misvægi utanríkisviðskiptanna fór óðum vaxandi. Hlýtur lausn þessa mikla verðbólguvanda að verða meginverkefnið í stjórn efnahagsmála á árinu 1974.

## ÞJÓÐARFRAMLEIÐSLA OG ÞJÓÐARTEKJUR

### Helstu þættir í þróun efnahagsmála


Á árinu 1973 varð þróun efnahagsmála í verulegum atriðum frábrugðin því, sem gerzt hefur á fyrri árum. Í upphafi ársins var í bezta lagi búizt við hægfara hagvexti á árinu, þar eð framleiðsluöfl þjóðfélagsins voru svo að segja fullnýtt. Einnig var vart búizt við neinni meiriháttar bötnun á viðskiptakjörum gagnvart útlöndum, enda ekki forsendur fyrir slíkum vonum. Ástæða þótti til að ætla, að viðskiptajöfnuðurinn stefndi á verulegan halla, og var það því talið eitt af meginverkefnum í stjórn efnahagsmála að takmarka hallann í viðskiptum við útlönd.

Tvennt gerðist á árinu 1973, er verulega breytti atburðarásinni í þróun efnahagsmála. Annars vegar kom til mikil heimsverðbólga, sem sérstaklega kom fram í stórhækkuðu hráefna- og matvælaverðlagi í heiminum. Hafði þetta sín áhrif á verðlag sjávarafurða, þannig að það hækkaði örar en dæmi eru til áður, sérstaklega á fyrri helmingi ársins. Á móti þessu kom, að innflutningsverðlag hækkaði einnig mjög, þannig að verðlagsþróunin á báðum hliðum utanlandsviðskipta átti ríkan þátt í að skapa meiri verðbólgu hér á landi en verið hefur um langt skeið. Hins vegar varð Vestmannaeyjagosið til þess, að breyta þurfti athafnalífi þjóðarinnar mjög mikið á skömmum tíma. Færa þurfti framleiðslukrafta úr almennri atvinnustarfsemi yfir í björgunar- og endurreisnarstarf og átti það sinn þátt í, að misvægið milli framboðs og eftirspurnar á vinnumarkaðinum — sérstaklega í byggingargreinunum — var meira en það hefur verið um nokkur undanfarin ár.

### Hagvöxtur

Þær tölur, sem nú liggja fyrir um framleiðslu ársins 1973, sýna, að verg þjóðarframleiðsla jókst um 5,5% eða mjög svipað og árið áður. Verður það að teljast mjög góður hagvöxtur, þegar haft er í huga, að framleiðslukraftar voru fullnýttir í upphafi árs og framleiðsluaukningin varð eingöngu að byggjast á auknu vinnuafli og bættum afköstum. Þá ber að hafa í huga, að hluti af því starfi, sem fór til björgunar í Vestmannaeyjum, er ekki





talið til framleiðslu og kom því ekki aukningu þjóðarframleiðslunnar til góða. Þar eð verðlag útflutningsvara hækkaði mun meira en innflutningsverðlag, bötnuðu viðskiptakjör við útlönd um 15% á árinu 1973 og leiddu til þess, að vergar þjóðartekjur á föstu verðlagi jukust um 9,5% borið saman við 5,4% aukningu árið 1972.

Aukningin í framleiðslu á árinu er að talsverðu leyti rekjanleg til betri útkomu í sjávarútvegi en talið var líklegt. Þorskaflí reyndist nokkru minni en búizt var við, sérstaklega á vetrarvertíð fyrir Suðvesturlandi, en á móti kom stóraukinn loðnuafli. Heildaraflinn árið 1973 er áætlaður vera um 894 þús. tonn, en árið 1972 nam hann 723 þús. tonnum. Þorskaflí stóð nokkurn veginn í stað og nam 381 þús. tonnum, en var 386 þús. tonn 1972. Hefði aflarýrnunin á þorskveiðum orðið mun meiri, ef stóraukin sókn á þorskveiðar hefði ekki komið til vegna aukins togaraflota. Togaraflí jókst úr 63 þús. tonnum 1972 í 96 þús. tonn 1973, en þar af var mikill hluti þorskaflí. Loðnuafli jókst úr 277 þús. tonnum 1972 í 437 þús. tonn 1973.

Í heild er áætlað, að framleiðslumagn sjávarútvegsins hafi aukizt um 6½ af hundraði, en útflutningsverðlag í krónum um 52—53%. Framleiðsla á frystum fiski minnkaði um 1—2%, en verð hans hækkaði um 37%. Mest var aukningin þó í mjöli og lýsi, þar sem framleiðslan jókst um 38%, en verð um 138%. Framleiðsla saltfisks og skreiðar jókst um 9%, en verð um 46%, og útflutningur á nýjum fiski um 10%, en verð um 55%.

Sæmilega áraði til framleiðslu landbúnaðar á árinu. Er talið, að heildarframleiðsla landbúnaðarafurða hafi aukizt um 2½—3%, en þar bar mest á aukningu í framleiðslu sauðfjárafurða.

## Sjávarútvegur

*Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun 1973*

	<i>Vöxtur</i>	
	<i>Millj. kr. á f. fyrra ári á</i>	
	<i>verðlagi árs- f. föstu verðlagi</i>	<i>ins 1973</i>
	<i>í %</i>	<i>í %</i>
Þjóðarframleiðsla á markaðsvirði .....	90.730	5,5
Útflutningur vöru og þjónustu .....	37.410	10,0
÷ Innflutningur vöru og þjónustu .....	40.025	19,5
Viðskiptajöfnuður .....	÷ 2.615	—
Verðmæti til ráðstöfunar innanlands .....	93.345	10,9
Einkaneyzla .....	56.230	6,0
Samneyzla .....	9.200	6,0
Fjármunamyndun .....	28.160	20,1
Breyting útflutningsbirgða og bústofns ....	÷ 245	—
 Geirskipting fjármunamyndunar:		
Atvinnuvegirnir .....	12.940	22,2
(án innfluttra skipa og flugvéla) .....	9.030	÷ 6,1
Íbúðarhús .....	7.620	44,8
(önnur en Viðlagasjóðshús) .....	5.620	6,9
Byggingar og mannvirki hins opinbera ....	7.600	÷ 5,9

**Landbúnaður**

Einnig er um talsverða aukningu að ræða í framleiðslu afurða utan hinna hefðbundnu framleiðslugreina. Bar þar aðallega á aukinni framleiðslu og tekjum hjá minkabúum, en skinnaverð hafði hækkað talsvert á árinu. Aftur á móti brást kartöfluuppskera að miklu leyti sunnanlands, þannig að sú framleiðslugrein hefur dregið saman annað árið í röð.

**Iðnaður**

Ætlað er, að iðnaðarframleiðslan fyrir heimamarkað hafi aukizt um 6—8% árið 1973, sem er svipuð aukning og árið áður. Framleiðsla iðnaðar til útflutnings, annars en álvinnslu og kísilgúrframleiðslu, hefur hins vegar aukizt mun hraðar eða um 17—18%. Heildarframleiðsluaukning iðnaðarins, að áli og kísilgúr meðtöldum, liggur líklega nær því að vera um 12% árið 1973, og er það nokkru meiri aukning en árið áður. Stafar munurinn mest af aukinni álframleiðslu, en hún jókst úr rúmum 45 þús. tonnnum 1972 í 72 þús. tonn 1973. Framleiðsla kísilgúrs er áætluð hafa numið um 23 þús. tonnnum 1973, sem er álika magn og árið áður. Engar tölur eru til með vissu um tekjuafkomu iðnaðarins á árinu, en rekstraráætlanir fyrir iðnaðinn benda til þess, að hagnaðarstaða hans hafi rýrnað nokkuð á árinu og þá mun meira í útflutningsiðnaði en iðnaði fyrir heimamarkað. Má ætla, að versnandi rekstrarstaða útflutningsiðnaðarins stafi að hluta af mun hraðari kostnaðarhækkunum innanlands en hægt var að vinna upp með hækkuðu verðlagi á erlendum markaði, en einnig kemur hér til, að gengisbreytingar



munu hafa verið iðnaðinum í óhag á árinu. Iðnaður fyrir heima-  
markað hefur einnig átt við kostnaðarerfiðleika að búa, sem að  
nokkru leyti stafa af erfiðleikum við að fá verðhækkanir sam-  
þykktar af stjórnvöldum.

#### **Byggingarstarfsemi**

Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð er talin hafa aukizt um  
4—5% árið 1973 borið saman við 12% aukningu árið 1972 og  
16% aukningu 1971. Minni aukning árið 1973 en næstu tvö  
árin á undan stafa að nokkru leyti af minni framkvæmdum  
við virkjanir og veitur, auk þess sem björgunarstarfsemin í Vest-  
mannaeyjum tók talsvert mikið vinnuafll frá byggingariðnað-  
inum.

#### **Ráðstöfun þjódar- framleiðslunnar**

Áætlað er, að innlend heildareftirspurn hafi samtals aukizt um  
10,9% að magni, en sé svokallaðri sérstakri fjármunamyndun  
(Þjórsárvirkjunum, álverinu, innfluttum skipum og flugvélum  
og Viðlagasjóðshúsum) ásamt birgða- og bústofnsbreytingum  
haldið utan við, hefur heildareftirspurnin eftir vörum og þjón-  
ustu innanlands ekki aukizt nema um 5,7%. Er það nokkru  
minni aukning en árið 1972, er almenn innlend verðmætaráð-  
stöfun jókst um 10,3%, en það stafaði af mjög mikilli aukningu  
í einkaneyzlu á því ári, sem ekki endurtók sig 1973. Vöxtur  
almennrar fjármunamyndunar 1973 var minni en árið áður,  
sem m. a. stafa af skorti á vinnuafli til framkvæmda á árinu.

#### **Einkaneyzla**

Einkaneyzla er áætluð hafa aukizt um 6% að magni 1973, en  
það er mun hægari aukning en næstu tvö árin á undan. Stendur  
þetta í nánú samhengi við þróun í kaupmætti á tekjum heim-  
ilanna, en hann er talinn hafa vaxið um 4—5% 1973, en næstu  
tvö árin á undan jókst hann um u. þ. b. 30% til samans. Sparn-  
aður virðist þannig hafa látið undan síga á árinu 1973, sem  
virðist hafa komið fram í auknum íbúðarnotum svo og aukn-  
um innflutningi neyzluvara. Reynsla fyrri ára sýnir einnig,  
að oft líður nokkur tími milli tekjuöflunar og neyzlubreytinga,  
sem einnig getur skýrt þennan vaxtarmismun.

#### **Samneyzla**

Samneyzla, þ. e. kaup ríkis og sveitarfélaga á vörum og þjón-  
ustu til daglegra nota, er talin hafa aukizt um 6% árið 1973,  
og er það nokkru minni aukning en stefnt var að í upphafi árs.  
Stafa það m. a. af meiri verðhækkunum á árinu en búizt var  
við í upphafi, en á móti hafa fjárráð til samneyzlu ekki aukizt  
að sama skapi.

Mjög mikil aukning var í fjármunamyndun árið 1973 frá ár-  
inu áður. Stafa þetta fyrst og fremst af umfangsmiklum skut-  
togarakaupum erlendis svo og innflutningi á húsum Viðlaga-  
sjóðs. Í heild er fjármunamyndun talin hafa aukizt um 20%  
borið saman við um 1% samdrátt frá 1971 til 1972. Miklar  
sveiflur eiga sér stað í fjármunamyndun frá ári til árs, sem



## Fjármunamyndun

gera samanburð erfiðan. Sé svokallaðri sérstakri fjármunamyndun haldið utan við myndina, kemur í ljós, að almenn fjármunamyndun hefur aukizt um 4,7% árið 1973 borið saman við 12,2% aukningu 1972. Hefur fjármunamyndun atvinnuveganna annarra en álverksmiðjunnar aukizt um 32%, mest vegna aukinna kaupa á fiskiskipum. Aukning á fjármunamyndun í fiskvinnslu og landbúnaði var sáralítill og í almennum iðnaði minnkaði hún um rúm 29%. Þá var einnig lítill aukning í fjármunamyndun í verzlunar- og þjónustugreinunum svo og samgöngutækjum. Aukningin í íbúðarbyggingum nam um 6,8%, ef Viðlagasjóðshús eru talin frá, en um 44,8% að þeim meðtöldum. Er þetta mun minni aukning í íbúðarbyggingum almennt en á undanfórnum árum og á sjálfsgagt rót sína að rekja til þess, að mikið af vinnuafli í byggingariðnaðinum fór í björgunar- og endurreisnaraðgerðir vegna Vestmannaeyjagossins, sem dró úr framleiðslugetu byggingariðnaðarins á almennum markaði.


Opinberar framkvæmdir eru taldar hafa nær staðið í stað frá 1972 til 1973. Munar þar mest um raforkuframkvæmdir, sem minnkuðu um nær fimmtung, mest vegna minni framkvæmda við Laxá og Landsvirkjun. Hins vegar var allmikill aukning í samgöngufamkvæmdum og hita- og vatnsveitum.

Birgðir útflutningsvara og bústofns minnkuðu um 245 m. kr. árið 1973 á verðlagi þess árs, en um 840 m. kr. árið áður.

## Atvinnuástandið

Í upphafi ársins 1973 var eftirspurn eftir vinnuafli þegar mjög mikil, enda var hún það allt árið 1972. Vestmannaeyjagosið jók mjög á spennuna á vinnumarkaðinum framan af árinu, sérstaklega í byggingariðnaðinum, þannig að öll vinna við framkvæmdir var mun torveldari en áður. Umframeftirspurnin eftir vinnuafli hélzt allt árið, þótt framkvæmdir og björgunarstarfsemi vegna Vestmannaeyjagossins hafi þegar farið að minnka upp úr miðju ári. Það er því eflaust hægt að rekja talsverðan hluta þeirrar kostnaðarverðbólgu, sem varð á árinu 1973, til misvægis milli framboðs og eftirspurnar á vinnumarkaðinum, sérstaklega í byggingar- og framkvæmdagreinunum.

Atvinnuleysi var hverfandi lítið á árinu, um 0,4% af framboði vinnuafls eðar aðeins minna en 1972. Sérstaklega er athyglisvert, að atvinnuleysi á þeim stöðum norðan lands, sem mest hafa haft af því að segja undanfarin ár, hefur minnkað að mun. Fjölgun fólks á atvinnualdri var um 2% og er það nokkru meira en á árinu 1972. Ætla má, að atvinnuþáttaka hafi orðið nokkru meiri en fjölgun fólks á atvinnualdri vegna mikillar eftirspurnar eftir vinnuafli. Eftir reynslu fyrri ára að dæma hefur vinnutími einnig lengzt nokkuð við þá vinnuafleftirspurn, sem af varð, þannig að vinnuafli á markaðinum liggur nær því að hafa



#### Orsakir verðbólgu

aukizt um 3% frá fyrra ári. Þá er og að benda á það, að nokkur aðflutningur fólks hefur verið til landsins á árinu, og hefur það einnig aukið á vinnuafslframboðið.

Meiri verðbólga varð á árinu 1973 en verið hefur á nokkru einstöku ári síðan 1942. Á þessi þróun sér margþættar orsakir. Ber hér í fyrsta lagi að telja, að mjög mikil hækkun varð á innflutningsverðlagi á árinu, sérstaklega á síðari hluta ársins. Vitað er, að um fimm tungur af hækkuninni á vísitölu framfærslukostnaðar frá nóvember 1972 til nóvember 1973 stafaði af beinum erlendum verðhækkunum á neyzluvörum. Í öðru lagi varð mjög mikil hækkun á flestum fjárfestingarvörum til bygginga. Frá febrúar 1973 til febrúar 1974 hækkaði vísitala byggingarkostnaðar um 41%, en þar undir hækkuðu vinnuliðir um tæp 38%, en sumir efnisliðir um meira, sérstaklega timbur (83%) og járn (49%). Notkun vísitölubindingar á laun og tengsl launa við verðlagningu innlendra matvæla er mun útbreiddari og skjótvirkari hér á landi en í flestum nálægum löndum. Hefur utanaðkomandi verðbólga, sem af hækkanði innflutningsverðlagi leiðir, því sérstaklega óheppileg margföldunaráhrif á innlent verðlag, þar eð víxlhækkunar kaupgjalds og verðlags kasta slíkri verðhækkun innflutnings á milli sín án afláts. Ennfremur varð meira en 50% hækkun á verðlagi helztu útflutningsafurða okkar, sem jók á eftirspurnarþrýstinginn og leiddi af sér beinar verðhækkningar. Framangreindar orsakir verðhækkana voru aðfengnar, ef svo mætti að orði komast. Umfangsmikil lánsfjármögnuð peningapensla leiddi hins vegar ekki síður af sér stórauðinn eftirspurnarþrýsting og verðhækkningar. Orsakir þeirrar þenslu eru nánar raktar í kaflanum um peningamál hér aftan við, en þeirra aðeins getið hér til að benda á,



## Launatekjur og kaupmáttur

að samfara kostnaðarverðbólgunni var eftirspurnarverðbólgan ekki síður þýðingarmikil, en hún átti fyrst og fremst rót sína að rekja til hinnar óvenjulegu aukningar peningamagns.

Venjulegast gefur verðvísitala þjóðarframleiðslunnar bezta mynd af heildarverðlagsþróuninni í hverju landi, þar eð hún nær til allra þátta efnahagslífsins. Frá 1972 til 1973 hækkaði hún um nær 30%, en sé litið á innlenda verðmætaráðstöfun eingöngu — og verðhækkunum útflutningsframleiðslunnar sleppt — varð hækkunin 23,7%. Eru þetta mun meiri hækkunir en á undanfórnum tveim árum, en árið 1972 hækkaði verðvísitala þjóðarframleiðslunnar um 17,9% og verðlag innlendrar verðmætaráðstöfunar um 17,2%, og árið 1971 voru samsvarandi hækkunir 12,8% og 9,3%.

Talið er, að kauptaxtar launþega hafi hækkað um 23,5% að meðaltali frá 1972 til 1973. Er þar í talin grunnkaupshækkun, sem varð í marz, en hún nam 6% fyrir féлага ASÍ og 7% fyrir opinbera starfsmenn, en að öðru leyti er hér um vísitöluhækkun að ræða. Hækkun kaupgreiðsluvísitölu á árinu varð að meðaltali tæp 15% samanborið við innan við 8% hækkun árið 1972.

Heildaratvinnutekjur einstaklinga jukust um 31% frá 1972 til 1973 eða um 7,5 prósentustigum meira en kauptaxtar gerðu. Af því má telja, að um 3% séu til komin vegna aukins atvinnu-magns, en annað sé til komið vegna launaskriðs og aukningar yfirvinnu. Árið 1972 varð aukingin aðeins minni eða 30,5%, og 1971 varð hún 25,0%. Hins vegar varð kaupmáttaraukning atvinnutekna mun minni 1973 en næstu tvö árin á undan, sem stafaði af mun hraðari aukningu framfærslukostnaðar. Er kaupmáttaraukningin aðeins talin rúm 7% 1973 borið saman við 18,2% 1972 og 17,0% 1971. Hið sama kemur í ljós, sé litið á kaupmátt ráðstöfunartekna heimilanna, en hann er talinn hafa hækkað um 4,7% 1973 borið saman við 12,5% 1972 og 15,5% 1971. Mun minni hækkun kaupmáttar 1973 en næstu tvö árin á undan á sér að hluta þá orsök, að 1971 og 1972 urðu almennar kauphækkunir umfram verðlagshækkunir mun meiri en aukning þjóðarframleiðslunnar gaf tilefni til, þannig að á árinu 1973 hefur átt sér stað eðlileg aðlögun á milli ára.

## GREIÐSLUJÖFNUÐUR OG GJALDEYRISMÁL

### Hagstæður heildar- greiðslujöfnuður vegna mikils fjármagnsinnflutnings

Bráðabirgðatölur þær, sem nú liggja fyrir um afkomu þjóðar-  
búsins út á við á árinu 1973, sýna, að greiðslujöfnuðurinn varð  
í heild hagstæður um nálægt 1.000 millj. kr., og er þetta fimmta  
árið í röð, sem heildargreiðslujöfnuður er hagstæður. Eins og  
undanfarin tvö ár á þessi hagstæði heildargreiðslujöfnuður ræt-  
ur að rekja til mjög mikils fjármagnsinnflutnings, eins og sjá  
má, ef litið er á einstaka þætti greiðslujafnaðarins. Þannig varð  
vöruskiptajöfnuður óhagstæður um nálægt 3.100 millj. kr., en  
þjónustujöfnuður hagstæður um liðlega 500 millj. kr. og við-  
skiptajöfnuður fyrir vörur og þjónustu því óhagstæður um því  
nær 2.600 millj. kr. Fjármagnsjöfnuður varð hagstæður um  
rúmlega 2.100 millj. kr., og innkomin framlög án endurgjalds  
námu um 1.450 millj. kr. nettó.

### Óhagstæður viðskiptajöfnuður

Árið áður varð viðskiptajöfnuður samkvæmt greiðslujafnaðar-  
yfirliti óhagstæður um 1.755 millj. kr., og er þá viðskiptajöfn-  
uður ársins 1973 samkvæmt því rúmlega 800 millj. kr. óhag-  
stæðari en 1972. Við samanburð á viðskiptajöfnuði milli ein-  
stakra ára þarf að hafa í huga, að oft er mikill munur milli ára,  
bæði að því er snertir breytingar á birgðum útflutningsvara og  
eins eru oft miklar sveiflur milli ára á innflutningi sérstakra  
fjárfestingarvara. Á árinu 1973 lækkuðu birgðir útflutnings-  
vara um 180 millj. kr., en árið áður nam lækkunin 1.108 millj.  
kr., og nemur mismunur á birgðapróun milli ára því 928 millj.  
kr., þar sem birgðabreytingar hvors árs eru metnar á meðal-  
útflutningsverði viðkomandi árs. Innflutningur á sérstökum fjár-  
festingarvörum var 2.920 millj. kr. meiri á árinu 1973 en árið  
áður. Sé viðskiptajöfnuður árána 1972 og 1973 leiðréttur fyrir  
breytingu útflutningsvörubirgða og sveiflur í innflutningi sér-  
stakra fjárfestingarvara jafnaðar milli ára miðað við þriggja  
ára meðaltal, verður útkoman sú, að viðskiptahalli á árinu 1973  
verður um 2.100 millj. kr. lægri en árið áður, og er það mun  
raunhæfari samanburður á breytingu viðskiptajafnaðar milli



áranna 1972 og 1973 en tölur greiðslujafnaðaryfirlits sýna, sem að sjálfsgöðu eru byggðar á inn- og útflutningstölum viðkomandi ára. Er nánari grein gerð fyrir þessu síðar í þessum kafla.

Verðmæti útflutningsframleiðslunnar jókst í heild á árinu 1973 um tæp 66% frá árinu áður, en sé framleiðsla á áli undanskilin, nam aukningin tæpum 62%. Þessi mikla verðmætisaukning útflutningsframleiðslunnar á að mestu leyti rætur að rekja til erlendra verðhækkana. Þannig er t. d. áætlað, að framleiðslumagn sjávarafurða hafi aukizt um 6½% frá fyrra ári, en verðlag sjávarafurða hins vegar hækkað um rúmlega 50%. Framleiðsluverðmæti iðnaðarvara til útflutnings, annarra en áls, jókst um 41% frá árinu áður. Álfraframleiðsla jókst að magni um tæp 57% miðað við árið áður, en vegna hækkandi verðlags nam verðmætisaukning framleiðslunnar rúmlega 90% á árinu.

## Verðmæti útflutningsframleiðslu

### Útflutningur helztu vörutegunda (Í millj. kr. á gengi 88,00 kr. = 1 U. S. \$)

	1969	1970	1971	1972	1973
Sjávarafurðir:					
Saltfiskur .....	1.027	1.163	1.677	2.075	2.949
Ísfiskur .....	513	724	403	402	561
Freðfiskur .....	3.109	4.535	5.330	5.559	7.175
Sild og síldarafurðir .....	962	892	761	705	1.029
Loðna og loðnuafurðir .....	394	592	580	833	3.301
Aðrar sjávarafurðir .....	1.731	2.206	2.305	2.746	3.818
Sjávarafurðir samtals .....	7.736	10.112	11.056	12.320	18.833
Landbúnaðarafurðir .....	591	423	400	516	751
Iðnaðarvörur:					
Ál .....	519	1.708	888	2.716	4.358
Kísilgúr .....	65	127	157	194	244
Aðrar iðnaðarvörur .....	266	392	555	741	1.075
Iðnaðarvörur samtals .....	850	2.227	1.600	3.651	5.677
Aðrar vörur .....	289	153	119	211	293
Útflutningur alls	9.466	12.915	13.175	16.698	25.554

Heildarverðmæti útfluttrar vöru nam 26.040 millj. kr. á árinu 1973, og er það nálægt 56% aukning frá fyrra ári. Ef útflutningur á áli er undanskilinn, nam útflutningsverðmæti annarra útfluttra vara 21.600 millj. kr., en það er rúmlega 54% aukning frá árinu áður. Framangreindar útflutningstölur ársins 1973 eru miðaðar við meðalviðskiptagengi ársins, en séu útflutningstölur ársins 1973 umreiknaðar til sambærilegs dollargengis við fyrra ár, eins og gert hefur verið í töflu hér að ofan, sem sýnir skipt-

## Aukning útflutningsverðmætis

**Skipting  
útflutnings á lönd**

ingu útflutnings á helztu vörutegundir, nemur verðmætisaukning heildarútflutnings 1973 um 53% frá fyrra ári, en 51%, ef ál er undanskilið. Á árinu 1973 nam verðmæti sjávarafurða tæpum 74% af heildarútflutningi, en verðmæti iðnaðarvara nam rúmlega 22%. Er þetta svipuð hlutfallsskipting og árið áður. Innan sjávarafurða varð meginbreytingin sú, að vegna stóru aukins loðnuafla jókst hlutdeild útfluttra loðnuafurða úr tæpum 7% af heildarútflutningi sjávarafurða á árinu 1972 í 17,5% á árinu 1973. Hlutdeild freðfisks lækkaði hins vegar úr 45% af heildarútflutningi sjávarafurða 1972 í 38% 1973.

Helztu breytingar á skiptingu útflutnings á lönd á árinu 1973 miðað við árið áður voru þær, að útflutningur til Bandaríkjana lækkaði hlutfallslega úr 30,6% í 26,6% af heildarútflutningi og hlutdeild Austur-Evrópulanda lækkaði úr 11,5% í 8,4% af heildarútflutningi. Hins vegar jókst hlutdeild landa Efnahagsbandalagsins (EEC) úr 32,4% í 38,5% af heildarútflutningi, en hlutdeild landa Fríverzlunarsamtakanna (EFTA) lækkaði úr 17,1% í 16,0% af heildarútflutningi, og eru þá Bretland og Danmörk talin til landa Efnahagsbandalagsins bæði árin 1972 og 1973.

**Útflutnings-  
vörubirgðir**

Eftirfarandi yfirlit sýnir verðmæti útflutningsvörubirgða í árslok sl. fimm ár miðað við verðlag í lok hvers árs.

*Útflutningsvörubirgðir*

(Í millj. kr. á gengi 88,00 kr. = 1 U. S. \$)

	1969	1970	1971	1972	1973
Sjávarafurðir .....	1.239	1.019	1.693	1.310	2.523
Landbúnaðarafurðir .....	203	172	235	298	484
Kísilgúr .....	4	1	13	20	13
	<hr/>				
Samtals	1.446	1.192	1.941	1.628	3.020
Ál .....	95	320	1.577	680	430
	<hr/>				
Alls	1.541	1.512	3.518	2.308	3.450

Almennur innflutningur jókst um tæp 39% miðað við árið 1972, en vöruinnflutningur í heild jókst hins vegar um rúmlega 52% vegna þess, hve innflutningur skipa varð miklu meiri en árið áður. Aukning innflutnings miðað við árið 1972 varð miklu meiri en sú hlutfallslega aukning, sem varð á árinu 1972 miðað við fyrra ár, en þá jókst almennur innflutningur um 16% og heildarinnflutningur um 7%.

Tafla hér á eftir sýnir almennan innflutning ársfjórðungslega sl. þrjú ár ásamt hlutfallslegri breytingu 1972 og 1973.

Hlutfallsleg aukning almenns innflutnings á árinu 1973 miðað



**Aukning innflutnings** við árið áður varð eins og sjá má af töflunni langmest á síðara helmingi ársins, og nam aukningin 55% frá fyrra ári. Á fyrra helmingi ársins var aukningin 21%.

*Almennur innflutningur*


	<i>C.i.f. verð í millj. kr.</i>			<i>Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári</i>	
	<i>á gengi 88,00 kr. = 1 U. S. \$</i>			1972	1973
	1971	1972	1973		
Jan.—marz	3.184	3.569	4.346	12,1	21,8
Apríl—júní	4.164	5.067	6.118	21,7	20,7
Jan.—júní	7.348	8.636	10.464	17,5	21,2
Júlí—sept.	3.863	4.289	6.688	11,0	55,9
Jan.—sept.	11.211	12.925	17.152	15,3	32,7
Okt.—des.	4.083	4.874	7.524	19,4	54,4
Júlí—des.	7.946	9.163	14.212	15,3	55,1
Jan.—des.	15.294	17.799	24.676	16,4	38,6

**Skipting innflutnings á lönd**

Nokkur breyting varð á skiptingu innflutnings á lönd á árinu 1973 miðað við árið áður og er það að verulegu leyti vegna þeirrar sveiflu, sem varð á skipainnflutningi milli ára. Þannig jókst innflutningur frá Japan úr 3,9% í 7,0% af heildarinnflutningi, og innflutningur frá Spáni jókst úr 0,3% í 2,1% af heildarinnflutningi, en á árinu voru keyptir 10 skuttogarar frá Japan og 3 frá Spáni. Aðrar helztu breytingar voru þær, að innflutningur frá Austur-Evrópulöndum lækkaði úr 10,4% í 8,9% af heildarinnflutningi. Hlutfallsleg aukning varð á innflutningi frá löndum Fríverzlunarsamtakanna (EFTA) úr 19,2% í 22,8%, en innflutningur frá löndum Efnahagsbandalagsins (EEC) lækkaði úr 52,5% í 43,7% af heildarinnflutningi. Í þessum samanburði eru Bretland og Danmörk talin til landa Efnahagsbandalagsins bæði árin 1972 og 1973.

**Vöruskiptajöfnuður**

Samkvæmt bráðabirgðatölum greiðslujafnaðar varð vöruskiptajöfnuðurinn óhagstæður um 3.140 millj. kr. á árinu 1973. Árið áður varð vöruskiptajöfnuðurinn óhagstæður um 2.075 millj. kr., og er þá vöruskiptajöfnuður ársins 1973 samkvæmt því 1.065 millj. kr. óhagstæðari en árið áður. Raunhæfur samanburður á vöruskiptajöfnuði milli ára fæst þó sjaldan með því að bera eingöngu saman jöfnuðinn á inn- og útfluttum vörum. Kemur þar einkum tvennt til, í fyrsta lagi, að mikill munur getur verið á breytingu á birgðum útflutningsafurða milli einstakra ára, og í öðru lagi er innflutningur á sérstökum fjárfestingarvörum svo sem skipum, flugvélum og vörum vegna stórframkvæmda oft háður miklum sveiflum frá ári til árs, sem gerir samanburð á vöruskiptajöfnuði einstakra ára oft óraunhæfan, nema sérstakt tillit sé til þess tekið. Á árinu 1973 lækkuðu útflutningsvörubirgðir



um 180 millj. kr., en árið áður lækkuðu útflutningsvörubirgðir um 1.108 millj. kr. Mismunur á þróun útflutningsvörubirgða milli þessara ára nemur því 928 millj. kr. Á árinu 1973 var innflutningur sérstakra fjárfestingarvara 2.920 millj. kr. meiri en árið áður. Sé vöruskiptajöfnuður áráanna 1972 og 1973 leiðréttur fyrir birgðabreytingu og innflutningur sérstakra fjárfestingarvara undanskilinn, reynist vöruskiptajöfnuður ársins 1973 vera 2.842 millj. kr. hagstæðari en árið áður, en með því að taka innflutning sérstakra fjárfestingarvara á grundvelli þriggja ára meðaltals lækkar þessi mismunur milli áráanna niður í rúmar 1.900 millj. kr.

**Viðskiptajöfnuður með leiðréttingu fyrir birgðabreytingu og sérstökum fjárfestingarvörum**

Eftirfarandi yfirlit sýnir viðskiptajöfnuðinn, það er jöfnuð fyrir vörur og þjónustu, sl. fimm ár. Er viðskiptajöfnuðurinn fyrst sýndur, eins og hann birtist í greiðslujafnaðaryfirliti, en síðan eru gerðar leiðréttingar fyrir árlegum breytingum útflutningsvörubirgða, þar sem birgðabreytingar eru metnar á meðalútflutningsverði viðkomandi árs, því næst er innflutningur sérstakra fjárfestingarvara dreginn út úr jöfnuðinum, en sá innflutningur er að langmestu leyti fjármagnaður með erlendu lánsfé eða eigin fé af erlendum uppruna. Sá viðskiptajöfnuður, sem þannig fæst, er mun raunhæfari til samanburðar á jöfnuði einstakra ára en viðskiptajöfnuðurinn, eins og hann kemur fram í greiðslujafnaðaryfirliti. Í reyndinni er það þó svo, að Íslendingar flytja inn mikið af sérstökum fjárfestingarvörum, svo sem skip, flugvélar o. fl., og má því með réttu segja, að óeðlilegt sé að taka þann lið algjörlega út úr viðskiptajöfnuði og að raun-




hæfara væri að jafna sveiflur, sem oft eru miklar, með því að færa á einstök ár meðaltalsinnflutning nokkurra ára. Á síðasta lið eftirfarandi yfirlits er þetta gert, þar sem árlega er tilgreint þriggja ára meðaltal af innflutningi sérstakra fjárfestingarvara, og er þá meðaltal tekið af innflutningi viðkomandi árs, ársins á undan og næsta árs á eftir. Byggist því tilgreind innflutningstala fyrir árið 1973 meðal annars á áætlun fyrir árið 1974.

*Viðskiptajöfnuður með leiðréttingu fyrir birgðabreytingu og sérstökum fjárfestingarvörum*

(Í millj. kr. á gengi 88,00 kr. = 1 U. S. \$)

	1969	1970	1971	1972	1973
Viðskiptajöfnuður . . . . .	391	651	÷3.860	÷1.755	÷2.566
Breyting útl. vörubirgða . . . ÷	67	÷ 305	1.732	÷1.108	÷ 180
Viðskiptajöfnuður, leiðr. fyrir breytingu útl. vörubirgða .	324	346	÷2.128	÷2.863	÷2.746
Innfl. sérst. fjárfestingarvara	791	1.072	2.994	1.820	4.740
Viðskiptajöfn. að frádr. sérst. fjárfestingarvörum og birgðabreytingu útl. vara . .	1.115	1.418	866	÷1.043	1.994
Sérstakar fjárfestingarvörur, meðalinnflutningur 3 ára .	÷1.331	÷1.619	÷1.962	÷3.185	÷4.120
Viðskiptajöfnuður að meðtöldum 3 ára meðalinnflutningi sérst. fjárfestingarvara og leiðr. fyrir birgðabreytingu	÷ 216	÷ 201	÷1.096	÷4.228	÷2.126



Inn- og útluttar vörur eru hér eins og annars staðar í greiðslujöfnuði gerðar upp á sama hátt, hvort tveggja á f.o.b.-grundvelli. Tölur þær, sem hér eru birtar um vöruskiptajöfnuð, eru því nokkuð frábrugðnar þeim tölum, sem Hagstofan birtir um vöruskipti við útlönd, þar sem útflutningur er reiknaður á f.o.b.-verði, en innflutningur á c.i.f.-verði, og er mismunurinn einkum flutningskostnaður og váttrygging af innfluttum vörum, auk ýmiss annars að jafnaði minniháttar mismunar í uppgjöri.

Til þjónustujafnaðar teljast tekjur og gjöld af samgöngum, ferðalögum, tryggingum, vaxtagreiðslum, tekjur af varnarliði o. fl. Samkvæmt bráðabirgðayfirliti er áætlað, að þjónustutekjur, þ. e. útflutt þjónusta, hafi numið 11.370 millj. kr. á árinu 1973, en þjónustugjöld, þ. e. innflutt þjónusta, 10.845 millj. kr., og þjónustujöfnuðurinn þannig áætlaður hagstæður um 525 millj. kr., og er þá miðað við meðalviðskiptagengi ársins. Árið áður var þjónustujöfnuður hagstæður um 320 millj. kr. Með gjöldum á árinu 1973 eru taldar 925 millj. kr. vegna álbræðslu, en á árinu 1972 voru 706 millj. kr. taldar með gjöldum vegna álbræðslu.

**Þjónustujöfnuður**

**Samgöngur og ferðalög**

Af einstökum liðum þjónustujafnaðar er samgönguliðurinn mikilvægastur, og hafa tekjur af samgöngum numið um og yfir helmingi af heildarþjónustutekjum undanfarin ár. Sl. tvö ár hefur þó hlutdeild samgangna í þjónustuviðskiptum farið heldur minnkandi. Innan samgönguliðarins vegur flugið þyngst, bæði að því er snertir tekjur og gjöld. Til tekna af erlendum ferðamönnum er aðeins talinn sá hluti, sem bankarnir kaupa af gjaldreyri vegna erlendra ferðamanna, þar með taldar tekjur fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli. Hins vegar eru fargjöld, sem erlendir ferðamenn greiða með íslenskum farartækjum, talin í samgönguliðnum og eru mikill hluti þess liðar. Með gjöldum vegna ferðalaga er talinn náms- og sjúkrakostnaður. Ef þessir tveir liðir eru dregnir frá útgjöldum vegna ferðalaga, verður jöfnuðurinn á ferðalagaliðnum óhagstæður um 62 millj. kr. á árinu 1973 á móti 77 millj. kr. óhagstæðum jöfnuði árið áður.

**Framlög án endurgjalds**


Framlög án endurgjalds, en til þeirra teljast eignayfirfærslur, rekstrarframlög til alþjóðastofnana og gjafafé, hafa mörg undanfarin ár numið fremur lágum fjárhæðum nettó. En á árinu 1973 nam nettó-innstreymi framlaga án endurgjalds 1.450 millj. kr. Er þetta að mestu leyti gjafafé vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum, og er mestur hluti þess frá Norðurlandaþjóðunum.

*Greiðslujöfnuður við útlönd*

(Í millj. kr. á gengi 88,00 kr. = 1 U. S. \$)

Vörur og þjónusta:	1971	1972	1973
Innflutningur	÷17.518	÷18.775	÷28.636
(Þar af vegna álbræðslu)	(÷ 1.376)	(÷ 1.550)	(÷ 2.177)
Útflutningur	13.178	16.700	25.555
(Þar af ál)	( 888)	( 2.716)	( 4.358)
Vöruskiptajöfnuður	÷ 4.340	÷ 2.075	÷ 3.081
Þjónustujöfnuður	480	320	515
Viðskiptajöfnuður	÷ 3.860	÷ 1.755	÷ 2.566
Framlög án endurgjalds, nettó	÷ 10	20	1.423
Fjármagnshreyfingar:			
Erl. einkafjármagn til langs tíma	718	820	191
til skamms tíma	1.008	÷ 580	÷ 407
Lántökur einkaaðila, nettó	1.390	÷ 209	294
Opinberar lántökur, nettó	1.097	2.092	1.968
Lántökur lánastofnana, nettó	449	827	1.340
Aðrar hreyfingar, nettó	545	÷ 630	÷ 1.261
Fjármagnsjöfnuður	5.207	2.320	2.125
Sérstök dráttarréttindi	217	215	—
Skekkjur og vantalið, nettó	÷ 61	÷ 133	—
Heildargreiðslujöfnuður	1.493	667	982






## Fjármagnshreyfingar

Helstu liðir fjármagnsjafnaðarins eru innkomin lán til lengri tíma en eins árs, endurgreiðslur slíkra lána, stutt vörukaupalán, ógreiddur útflutningur, erlent einkafjármagn og ýmsar aðrar fjármagnshreyfingar. Af erlendum lánum til eins árs og lengri tíma voru alls notaðar 5.620 millj. kr., þar af námu lántökur einkaaðila 1.265 millj. kr., að mestu leyti vegna skipa- og flugvélakaupa. Lántökur opinberra aðila, þ. e. ríkissjóðs, ríkisstofnana, ríkisfyrirtækja og bæjar- og sveitarfélaga, námu alls 2.610 millj. kr. Af innkomnum opinberum lánum voru 1.346 millj. kr. andvirði láns, sem boðið var út á erlendum peningamörkuðum, að upphæð 12 millj. evrópskra reikningseininga, þar sem hver reikningseining jafngildir 0,88867088 grömmum af skíru gulli. Þá voru einnig um 370 millj. kr. af innkomnum opinberum lánum vegna kaupa á þremur nýjum skuttogurum frá Spáni. Lántökur lánastofnana námu 1.745 millj. kr. Þar af voru um 1.570 millj. kr. vegna skipakaupa og endurlánuð eigendum þeirra. Endurgreiðslur af föstum lánum námu alls 1.950 millj. kr., sem skiptast þannig, að endurgreiðslur af einkalánum námu 965 millj. kr., af lánum opinberra aðila 605 millj. kr. og af lánum lánastofnana 380 millj. kr.

Samkvæmt framangreindum hreyfingartölum, sem umreiknaðar hafa verið úr erlendri mynt í íslenskar krónur samkvæmt meðalgengi ársins, jukust föst erlend lán einkaaðila um 300 millj. kr., opinberra aðila um 2.005 millj. kr. og lán lánastofnana um 1.365 millj. kr., þannig að heildarskuldir þjóðarbúsins í formi fastra lána hafa hækkað um 3.670 millj. kr. á árinu 1973. Árið áður nam samsvarandi aukning 2.710 millj. kr. Stutt

## Heildar- greiðslujöfnuður



vörukaupalán innflytjenda jukust um 940 millj. kr. á árinu 1973 á móti 112 millj. kr. aukningu árið áður. Ógreiddur útflutningur jókst um 950 millj. kr. á árinu 1973 á móti 480 millj. kr. aukningu árið áður. Innkomið langtímaáhættufjármagn nam 195 millj. kr. nettó, en útstreymi á skammtimarekstrarfé nam 415 millj. kr., þannig að nettó-útstreymi áhættufjármagns í atvinnurekstri nam 220 millj. kr. Árið áður nam nettó-innstreymi áhættufjármagns 240 millj. kr. Í heild er fjármagnsjöfnuðurinn áætlaður hagstæður um 2.165 millj. kr., en árið áður varð hann hagstæður um 2.320 millj. kr.

Meðfylgjandi tafla sýnir bráðabirgðayfirlit helztu þátta greiðslujafnaðarins 1973, þar sem einnig eru tilgreindar tölur fyrir árin 1972 og 1971 til samanburðar. Til þess að auðvelda samanburð eru allar tölur tilgreindar á sama dollargengi.

Á 4. töflu í töflusafni aftast í skýrslunni er nánara yfirlit yfir greiðslujöfnuðinn við útlönd á árunum 1969—1973, og á 5. töflu er ársfjórðungslegt yfirlit yfir greiðslujöfnuð 1972 og 1973. Viðskiptajöfnuður varð hagstæður á öðrum ársfjórðungi 1973, en óhagstæður alla hina ársfjórðungana. Árið áður varð viðskiptajöfnuður hagstæður á þriðja ársfjórðungi, en óhagstæður alla hina ársfjórðungana. Af 1.930 millj. kr. óhagstæðum viðskiptajöfnuði á síðasta ársfjórðungi 1973 voru 1.230 millj. kr. vegna skipainnflutnings.

### Gjaldveirissstaða bankanna

(Í millj. kr. á gengi 88,00 kr. = U. S. \$)

#### Seðlabankinn:

Frjáls gjaldeyrir og gull:	1971	1972	1973
Eignir .....	6.034	7.342	8.491
Skuldir .....	680	1.254	917
Frjáls gjaldeyrir, nettó	5.354	6.088	7.574

#### Vöruskiptareikningar:

Eignir .....	18	22	23
Skuldir .....	203	82	806
Vöruskiptareikningur, nettó	÷ 185	÷ 60	÷ 783
Nettóstaða Seðlabankans .....	5.169	6.028	6.791

#### Viðskiptabankar:

Erlendar eignir .....	130	258	374
Erlendar skuldir .....	543	768	842
Samtals	÷ 413	÷ 510	÷ 468

#### Gjaldveirissstaða bankanna:

Frjáls gjaldeyrir .....	4.941	5.578	7.106
Vöruskiptagjaldeyrir .....	÷ 185	÷ 60	÷ 783
Alls	4.756	5.518	6.323

## Gjaldeyrisstaða

Meðfylgjandi yfirlit sýnir gjaldeyrisstöðu bankanna við árslok sl. þrjú ár, skipt á Seðlabanka og viðskiptabanka og ennfremur skipt á frjálsan gjaldeyri og vöruskiptagjaldeyri. Eru tölurnar á þessu yfirliti allar umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við 88,00 kr. gengi gagnvart U. S. \$ og eru því á sambærilegu gengi í lok þeirra þriggja ára, sem yfirlitið sýnir.

Á 6. töflu aftast í skýrslunni er gjaldeyrisstaðan sýnd yfir lengra tímabil miðað við skráð gengi á hverjum tíma.



## ÞRÓUN RÍKISFJÁRMÁLA


Greiðsluhalli varð hjá ríkissjóði á árinu 1973, en um afgang var að ræða árið áður. Alls varð 301 millj. kr. greiðsluhalli 1973, en 117 millj. kr. greiðsluafgangur 1972. Tekjur 1973 urðu 24.876 millj. kr., en útgjöld 25.129 millj. kr. Tekjuhalli á rekstrargrunni varð því 253 millj. kr. Greiðsluhalli varð nokkru meiri, þar eð nettóútsreymi lánahreyfinga nam 48 millj. kr., en föst lán ríkisins jukust um 693 millj. kr., lausaskuldir minnkuðu um 729 millj. kr., og lánveitingar að frádregnum afborgunum námu 12 millj. kr.

### Samanburður við fjárlög

Tekjur hafa farið 2.906 millj. kr. eða rúm 13% fram úr tölum fjárlaga. Þannig hafa tekju- og eignaskattar á rekstrargrunni farið 797 millj. kr. fram úr tekjuáætlun fjárlaga. Stafa þessar auknu tekjur fyrst og fremst af meiri álagningu tekjuskatts félaga en reiknað var með í fjárlagaáætlun. Árið 1973 varð veltuaukning og innflutningur mun meiri en reiknað hafði verið með við gerð fjárlaga, en af því leiddi, að ýmsir óbeinir skattar fóru langt fram úr áætlun. Munaði þar mest um almenn aðflutningsgjöld og söluskatt, sem fóru 738 millj. kr. og 697 millj. kr. fram úr áætlun.

Á fjárlögum voru ríkisútgjöld áætluð 21.457 millj. kr., en í reynd urðu þau 25.129 millj. kr. eða 3.672 millj. kr. umfram fjárlög. Útgjöld vegna velferðarmála fóru 839 millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga, og stafar frávik þetta fyrst og fremst af auknum greiðslum tryggingakerfisins, þar sem útgjöld vegna húsnæðis- og félagsmála fóru aðeins 80 millj. kr. fram úr fjárlögum, en útgjöld til tryggingamála voru 759 millj. kr. umfram fjárlög.

Útgjöld til samgöngumála fóru 724 millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga. Stafar þetta einkum af þeim útgjöldum vegagerðar samkvæmt vegaáætlun, sem fjármögnuð eru með lántökum og færð til gjalda á ríkisreikningi, enda þótt svo sé ekki gert á fjárlögum. Framkvæmdahraði við Skeiðarársandsveg var jafn-



framt aukinn til muna, en það kostaði mikil viðbótarútgjöld, sem fjármögnuð voru með lántökum hjá Seðlabankanum að stórum hluta.

Kostnaður við almenna stjórn og löggæzlu fór 537 millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga. Kemur hér til fyrst og fremst mikil og ófyrirséð hækkun kauplags, sem haft hefur mikil áhrif á launaútgjöld ríkisins, en jafnframt námu aukin framlög til Landhelgisgæzlunnar og beint framlag úr ríkissjóði til Viðlagasjóðs um 140 millj. kr. samtals.

Loks má geta þess, að niðurgreiðslur voru 456 millj. kr. umfram tölur fjárlaga vegna þess, að verulega upphæð, a. m. k. 500 millj. kr., vantaði í fjárlög miðað við það, að niðurgreiðslustig á einingu væri óbreytt út árið. Ráðstafanir síðustu mánuði ársins til að lækka niðurgreiðslur hafa hvergi nægt til að loka því bili.

**Samanburður við 1972** Samanburður ríkisútgjalda 1973 og útgjalda á ríkisreikningi 1972 sýnir um 37% hækkun í krónutölu, en þar sem áætlað er, að verg þjóðarframleiðsla í peningum hafi einnig hækkað um 37%, er hlutur ríkisútgjalda í vergri þjóðarframleiðslu óbreyttur milli árána 1972 og 1973 eða um 27%.

Hlutfallsleg hækkun útgjalda varð mest vegna iðnaðar (159%) og sjávarútvegs (102%). Útgjöld til iðnaðar jukust einkum vegna 50 millj. kr. framlags til Iðnrekstrarsjóðs, sem myndaður var á árinu, og vegna þess, að framlag til iðju og iðnaðar var aukið um 72 millj. kr. Ýmis framlög til sjávarútvegs voru einnig aukin til muna. Af öðrum liðum, sem hækkuðu mikið frá 1972, má nefna landbúnað (45%), velferðarmál (40%) og almenna stjórn



*Yfirlit yfir fjármál ríkisins*  
(Á rekstrargrunni í millj. kr.)

	1972	1973
1 Tekjur alls .....	18.530	24.876
2 Gjöld alls .....	18.395	25.129
3 Tekjuhalli (÷)/afgangur .....	135	÷253
4 Lánveitingar, nettó .....	÷ 8	÷ 12
5 Fjármagnspörf (÷)/afgangur .....	127	÷265
Fjármögnun:		
6 Lántökur, nettó .....	622	693
7 Lausaskuldir, nettó .....	÷632	÷729
8 Greiðsluafgangur/halli (÷) .....	117	÷301
81 — þar af staðan gagnvart Seðlabanka .....	58	364


og löggæzlu (39%). Ýmis bein framlög til landbúnaðar, þar með taldar uppþætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, hækkuðu um 330 millj. kr., og réð það langmestu um aukninguna á útgjöldum til landbúnaðar. Útgjöld til velferðarmála hækkuðu um 2.609 millj. kr., en þar vó þyngst 2.267 millj. kr. aukning á framlagi ríkissjóðs til Tryggingarstofnunar ríkisins, en auk þess hækkaði framlag til Atvinnuleysistryggingarsjóðs um 147 millj. kr. og framlag til Húsnæðismálastofnunar ríkisins um 126 millj. kr. Útgjöld til almennrar stjórnunar og löggæzlu urðu hærri en árið áður, einkum vegna sívaxandi kauplagshækkana.

Álagðar tekjur ríkisins 1973 eru um 34% hærri en árið áður. Er það svipuð hækkun og varð árið á undan, þegar frá hafa verið dregnar tilfærslur tekna og útgjalda frá bæjar- og sveitarfélögum til ríkisins á því ári. Tekju- og eignarskattar hækkuðu um 30% á árinu, en óbeinir skattar hækkuðu meira eða um 36%. Mest hækkuðu gjöld af verzlun og viðskiptum við útlönd, um 40%. Hlutfallstala beinna skatta í ríkistekjunum hélzt nær óbreytt frá árinu á undan og var 73% árið 1973.

### Greiðslugrunnur


Upplýsingar þær um tekjur og gjöld ríkisins, sem að framan greinir, eru eingöngu miðaðar við rekstrargrunn og sýna álagðar tekjur auk útgjalda, sem til var stofnað, án tillits til þess, hvort greiðsla hafi farið fram. Tekjur og gjöld ríkisins á greiðslugrunni, þ. e. innheimtar tekjur og raunverulegar greiðslur, gefa nokkuð aðra mynd. Á greiðslugrunni námu tekjur 24.066 millj. kr., en útgjöld 24.817 millj. kr., og hefur því orðið 751 millj. kr. tekjuhalli. Þannig eru tekjur 810 millj. kr. lægri en á rekstrargrunni, og munar þar mest um óinnheimtan tekjuskatt, 454 millj. kr., og óinnheimtan söluskatt, 217 millj. kr. Á greiðslugrunni eru gjöld hins vegar aðeins 312 millj. kr. lægri en á rekstrargrunni. Greiðsluafkoma er, sem vænta má, hin sama





á hvorum tveggja grunni, þar sem hún er jöfn stöðubreytingunni gagnvart Seðlabankanum að viðlagðri hreyfingu banka- innstæðna og sjóðs. Mismunurinn kemur hins vegar fram í breytingu lausafjárskulda, en þær minnkuðu um 729 millj. kr. á rekstrargrunni, en um 231 millj. kr. á greiðslugrunni.

### Árstíðasveiflan



Greiðsluflæði ríkissjóðs er mjög árstímabundið. Þó dreifast gjöld nokkuð jafnt á árið, en eru samt heldur þyngri seinni hluta árs. Árið 1973 voru t. d. 21,5% gjalda ársins greidd á fyrsta ársfjórðungi, en 29,5% á fjórða ársfjórðungi samkvæmt mánaðarlegu greiðsluyfirliti ríkisbókhalds. Sé gjaldaústreymi áranna 1972 og 1973 borið saman, kemur í ljós, að það var hlutfallslega nokkuð svipað bæði árin. Í lok annars ársfjórðungs 1973 höfðu t. d. 45,0% gjalda ársins verið greidd, en 46,9% árið áður. Tekjuinnstreymi er að jafnaði hlutfallslega lítið fyrri hluta árs, en eykst, er á árið líður, og nær hámarki í desember. Innheimta tekna gekk nokkru hraðar fyrri hluta 1973 heldur en árið áður. Í lok annars ársfjórðungs 1973 höfðu t. d. 40,7% tekna komið inn, en 38,9% árið áður. Í samræmi við ofangreinda árstíðasveiflu ríkisfjármála varð mikill tekjuhali hjá ríkissjóði fyrri hluta 1973 og þá sérstaklega fyrsta ársfjórðung. Alls varð tekjuhallinn á fyrstu sex mánuðum 1.266 millj. kr. eða 112 millj. kr. minni en á sama tímabili 1972. Skuldasöfnunin varð hins vegar nokkru minni eða um 1.200 millj. kr., þar eð lánajöfnuður ríkissjóðs reyndist hagstæður þessa mánuði. Þess skal getið, að á öðrum ársfjórðungi 1973 gaf ríkissjóður út ríkisvíxla alls að upphæð 300 millj. kr., en það hafði verið gert í fyrsta sinn árið á undan. Seðlabankinn keypti ríkisvíxlana, en hafði endurselt innlánsstofnunum 88 millj. kr. í júnílok.

Staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum versnaði þannig um þriðjung í lægri upphæð á fyrri helmingi 1973 en árið áður, en hún rýrnaði um tæpar 1.800 millj. kr.

Síðari hluta árs 1973 snerist þróun ríkisfjármála til hins betra, svo sem venja er til, en eigi að síður varð tekjuhalli 751 millj. kr. fyrir árið í heild, sem fyrr segir, ef miðað er við greiðslugrunn. Þannig hefur rekstrarafgangur samkvæmt því orðið 515 millj. kr. seinni helming ársins. Á rekstrargrunni nam tekjuhallinn hins vegar 253 millj. kr., og sé einnig tekið tillit til lánveitinga ríkissjóðs, þó að frádregnum endurgreiðslum á fyrri lánveitingum, nam fjármagnspörf ríkissjóðs 265 millj. kr. Árið 1972 voru nettó-lánveitingar 8 millj. kr., þannig að um var að ræða fjármagnsafgang hjá ríkissjóði, alls 127 millj. kr.

#### **Greiðsluafkoma**

Greiðsluhalli ríkissjóðs varð hins vegar lítið eitt meiri en fjármagnspörf nam eða 301 millj. kr., þar eð lausaskuldir lækkuðu um 729 millj. kr., en á móti þessu fjármagnsútstreymi vógu nettólántökur ríkissjóðs, sem urðu 693 millj. kr. á árinu. Árið 1972 hafði hins vegar orðið 117 millj. kr. greiðsluafgangur, þannig að alls versnaði greiðsluafkoma ríkissjóðs um 418 millj. kr. árið 1973 miðað við árið 1972.

Staða ríkissjóðs við Seðlabankann batnaði um tæpar 740 millj. kr. á síðari hluta 1973, þannig að fyrir árið í heild versnaði staðan um 364 millj. kr., en árið 1972 hafði ríkissjóður bætt stöðu sína um 58 millj. kr.

## ÞRÓUN PENINGAMÁLA


### Peningaþensla

Mikil og vaxandi peningaþensla einkenndi þróun peningamála á árinu 1973. Peningamagn í umferð, þ. e. seðlar, mynt og veltinnstæður, jókst um rösk 46% borið saman við 18% og 17% aukningu árin 1972 og 1971, hvort árið um sig. Sé litið á þróun peningamagns og sparifjár samanlagt, þ. e. þróun peningamagns í víðari merkingu, kemur í ljós, að þenslan var heldur hægari, en þó meir en tvöföld aukning ársins 1972; aukning peningamagns og sparifjár nam 35% miðað við 17% aukningu árið 1972.

### Áhrif peningaþenslu

Óhófleg peningaþensla hefur vafalaust átt sinn þátt í mikilli eftirspurn eftir vörum og þjónustu og ekki hvað sízt eftir vinnuafli og hefur þannig óbeint haft áhrif í þá átt að magna hættuna á vaxandi verðbólgu á árinu 1973, sem þegar var nóg fyrir. Samanburður við þróun þjóðartekna bendir einnig eindregið til þessa. Aukning peningamagns (í víðari merkingu orðsins) var heldur minni en hækkun þjóðartekna á verðlagi ársins 1973, þannig að um nokkra veltuhraðaaukningu var að ræða fjórða árið í röð. Þjóðarframleiðslan jókst um tæp 37% að verðmæti, en magnaukning var 5,5%, þannig að verðbólgan nam um 30% á árinu 1973. Það hlýtur hins vegar að vera ljóst, að verðbólga í þessum mæli gat ekki hafa þróast eingöngu fyrir áhrif innlendrar peningaþenslu, enda gætti einnig sterkra áhrifa innlendra kostnaðarhækkana, sérstaklega launahækkana, og erlendra verðhækkana á árinu 1973, eins og fram kemur í fyrstu köflum þessarar skýrslu. Aukin verðbólga orsakaði síðan vaxandi eftirspurn eftir lánsfé, er hélt langt umfram framboð, enda urðu raunvextir neikvæðari, er á árið leið, þrátt fyrir þá vaxtahækkun, sem kom til framkvæmda í byrjun maí. Þessi þróun kom einnig fram í versnandi lausafjárstöðu banka og fyrirtækja almennt.





**Orsakir peningabenslu** Eins og meðfylgjandi tafla sýnir, var útlánaaukning bankakerfisins meginorsök peningabenslunnar árið 1973, en gjald-eyriskaup umfram sölu stóðu að tæplega einum tuttugasta á bak við peningabensluna borið saman við að einum tíunda árið 1972. Útlánaaukning innlánsstofnana, sem nam tæpum 33% (20% árið 1972), vó langþyngst. Lán Seðlabankans til annarra en innlánsstofnana jukust um 1.500 millj. kr., sem var rösk tvöföldun á útistandandi kröfum, en árið 1972 höfðu þær dregið saman um 300 millj. kr. Nánar verður gerð grein fyrir út-

*Úr reikningum bankakerfisins*

(Hreyfingar nettó)

*Framlag þátta til breytinga á peningamagni og sparifé*

	Í millj. kr. Í hlutfallstölum			
	1972	1973	1972	1973
1. Erlendar eignir, nettó .....	427 <sup>1</sup>	537 <sup>1</sup>	11,2	5,9
2. Innlendar eignir, nettó .....	3.390	8.597	88,8	94,1
2.1 Útlán Seðlabanka .....	÷ 302	1.500	÷7,9	16,4
2.2 Útlán innlánsstofnana .....	3.868	7.662	101,3	83,9
2.3 Endurlánað erlent lánsfé .....	106	623	2,8	6,8
2.4 Sjóðir í opinberri vörzlu .....	÷ 55	÷ 696	÷1,4	÷7,6
2.5 Eigið fé o. fl. ....	÷ 227	÷ 492	÷6,0	÷5,4
3. Peningamagn og sparifé, samtals ....	3.817	9.134	100,0	100,0
3.1 Peningamagn .....	1.112	3.337	29,1	36,5
3.2 Sparifé (geymslufé talið með) ....	2.705	5.797	70,9	63,5

<sup>1</sup> Allar bókhaldsbreytingar v/gengisbreytinga eru dregnar frá.

lánnum Seðlabankans og innlánsstofnana hér á eftir. Peningaþenslan hefði orðið enn meiri á árinu 1973, ef ekki hefði komið til gagnvirkandi áhrif verulegrar innstæðuaukningar sjóða í vörslu Seðlabankans, þá fyrst og fremst Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Innstæður þessara sjóða jukust um rösk 45% eða tæpar 700 millj. kr., en höfðu aukizt um aðeins 55 millj. kr. árið 1972. Án þessa mótvægis hefði peningaþenslan sennilega orðið tæpum 3% meiri en ella.

### Stefnan í peningamálum

Stefna Seðlabankans á árinu 1973 mótaðist af auknu aðhaldi í peningamálum. Í upphafi árs var búizt við, að þröng lausafjárstaða innlánsstofnana og fyrirtækja samfara spá um versnandi greiðslujafnaðarhorfur myndi skapa nægjanlegt aðhald og draga úr peningaþenslunni. Reynslan varð hins vegar önnur. Óvæntar og mjög verulegar verðhækkanir helztu útflutningsafurða okkar samfara met-loðnuaflla stórbættu horfur greiðslujafnaðarins. Við þetta bættist eldgosíð í Vestmannaeyjum, sem hafði veruleg þenslumyndandi áhrif á efnahagslífið bæði vegna röskunar á framleiðslustarfsemi og skyndilegrar eftirspurnar eftir húsnæði, auk þess sem Seðlabankinn varð að brúa stórt bíl á milli tekna og útgjalda Viðlagasjóðs með beinum útlán-um. Óhagstæð afkoma ríkissjóðs og ríkisstofnana samfara miklum erlendum lántökum fjárfestingarlánasjóða til endurlána heima fyrir juku ennfremur á útstreymi fjármagns frá Seðlabankanum, sem samfara stórauðnum endurkaupum bankans sjálfs skapaði skilyrði fyrir gífurlegri grunnfjármýndun<sup>1</sup> og um leið útlánaþenslu bankanna og stórauðinni peningaþenslu.

### Vaxtahækkun

Þegar snemma á árinu 1973 sýndi þróun peningamála öll ein-kenni mikillar og vaxandi peninga- og útlánaþenslu. Þann 27. apríl ákvað Seðlabankinn því hækkun vaxta og bindiskyldu til þess að hamla gegn þessari þróun. Sparifjár- og útlánsvextir voru yfirleitt hækkaðir um 2—3% frá og með 1. maí og þannig stefnt að auknu jafnvægi milli innlends sparnaðar og lánsfjáreftirspurnar, en bilið milli vaxta og verðbólguaukningar hafði farið ört vaxandi í neikvæða átt. Til þess að hamla frekar gegn útlánaþenslunni var ennfremur vegið beint að útlánagetu innlánsstofnana með hækkun innlánsbindingar við Seðlabankann. Hámarksbindiskylda (meðalbinding) var hækkuð úr 20% í 21%, og var sú ákvörðun látin ná aftur fyrir sig til og með 1.

### Innlánsbinding

<sup>1</sup> Með grunnfé er átt við samtölu allra innstæðna (þ. e. bæði frjálsra og bundinna innstæðna) innlánsstofnana og fjárfestingarlánasjóða hjá Seðlabankanum svo og seðla- og myntútgáfu bankans. Breyting á grunnfé orsakar að öðru jöfnu breytingu á eða leggur grunninn að breyttri útlánagetu innlánsstofnana og þá um leið breytingu á peningamagni í umferð.



marz. Þann 13. september var hámarksbindiskyldan hækkuð aftur í sama skyni í 22% af heildarinnstæðum, og var sú ákvörðun einnig látin verka aftur fyrir sig eða frá og með 1. júlí. Innlánsstofnanir hafa þannig í raun orðið að greiða 30% af innlánsaukningu inn á bundna reikninga hjá Seðlabankanum frá og með 1. marz til ársloka 1973, þar eð bindiskylda vegna innstæðuaukningar (jaðaraukningar) hélzt óbreytt, en í árslok námu bundnar innstæður um 21,9% af heildarinnstæðum innlánsstofnana.

Í byrjun febrúar 1973 keypti Seðlabankinn 300 millj. kr. útgáfu af ríkisvixlum með endursölu til innlánsstofnana að markmiði. Þetta var annað árið í röð, sem ríkisvixlar voru gefnir út, og var tímasetning útgáfunnar sem fyrr miðuð við árstíðafjárþörf ríkissjóðs, sem fellur jafnframt að öðru jöfnu saman við árstíðalegan bata í lausafjástöðu innlánsstofnana. Ríkisvixlarnir báru hæstu lögleyfðu vexti auk þóknunar og voru endurseljanlegir Seðlabankanum fyrirvaralaust. Engu að síður voru það einungis sparisjóðir, sem keyptu þessa víxla alls fyrir um 163 millj. kr., en lausafjárstaða flestra viðskiptabanka var mjög rýr á árinu 1973, sem virðist hafa takmarkað getu eða áhuga þeirra á slíkum víxilkaupum.

### **Grunnfjármyndun Seðlabanka**

Eins og meðfylgjandi tafla sýnir, varð mjög veruleg aukning á útstreymi fjármagns hjá Seðlabankanum á árinu 1973. Grunnfé jókst um 3.667 millj. kr. eða tæp 47%, en hafði aukizt um tæp 21% árið 1972. Árstíðalega á sér að jafnaði stað veruleg grunnfjármyndun og um leið bati í lausafjástöðu innlánsstofnana fyrri helming hvers árs, sem á rót sína að rekja til fjárútstreymis hjá Seðlabankanum vegna árstíðabundinnar fjárþarfar ríkissjóðs og endurkaupa á afurðavíxlum sjávarútvegsins yfir vetrarvertíðina. Árstíðaútstreymi grunnfjár hjá Seðlabankanum hægir síðan á sér eða snýst í innstreymi að öðru jöfnu á seinni helming hvers árs, þegar fjárhagur ríkissjóðs batnar og afurðavixlar sjávarútvegs endurgreiðast. Þannig jókst grunnfé um 1.848 millj. kr. á fyrri helmingi 1973, sem var nær tvöföld aukning fyrri árs-helmings 1972. Seinni helming ársins hélt grunnfé hins vegar áfram að vaxa ört, í stað þess að um hægðist, og jókst grunnfé alls um 1.819 millj. kr. seinustu sex mánuðina miðað við 391 millj. kr. aukningu seinni árshelming 1972. Þessi gífurlega aukning grunnfjár (þ. e. peningasköpun Seðlabankans) lagði grunninn að mikilli útlánagetu innlánsstofnana og um leið peningaþenslu, sem raun bar vitni. Að sjö tíundu hlutum má rekja grunnfjárukningu 1973 til innlendra þátta og að þrem tíundu til erlendra eignaaukningar Seðlabankans, en árið áður var þess-

## Vaxtakjör og bindiskyldureglur

### I. Vaxtakjör

% á ári Fyrir 1/5/73 Þann 1/5/73

#### A. Innlánsstofnanir

##### Innlánsvextir:

1. Almennar sparisjóðsbækur . . . . .	7,0	9,0
2. 6 mán. sparisjóðsbækur . . . . .	8,0	10,5
3. 12 mán. sparisjóðsbækur . . . . .	9,0	12,0
4. 10 ára sparisjóðsbækur . . . . .	9,5	12,0
5. Sparisjóðsávísanareikn. . . . .	4,0	4,0
6. Yfirdráttarreikningainnst. . . . .	3,0	3,0

##### Útlánsvextir:

7. Almennir víxlar, forvextir . . . . .	9,0 — 9,5	11,0 — 11,75
8. Framlenging víxla, forvextir . . . . .	9,5 — 10,0	11,75 — 12,5
9. Yfirdráttur . . . . .	7,0 + 3,0 <sup>1</sup>	9,0 + 3,0 <sup>1</sup>
10. Rekstrarlán . . . . .	7,5 — 10,0	9,0 — 12,5
11. Fasteigna- og handveðslán . . . . .	9,5 — 10,0	11,5 — 13,0
12. Lán vegna útflutn.afurða, forv. . . . .	6,0	7,0
13. Önnur afurðalán, forv. . . . .	7,5	9,0
14. Ríkisvixlar . . . . .	12,0	13,5

#### B. Seðlabankinn

##### Innlánsvextir:

1. Viðskiptareikningur . . . . .	8,0	8,0
2. Innstæðureikn. 45 dagar . . . . .	9,0	11,0
—— 90 dagar . . . . .	9,5	11,5
—— 180 dagar . . . . .	10,0	12,0
3. Bundnar innst., fyrstu 10 m. kr. <sup>2</sup>	2,25	2,25
—— — aðrar <sup>2</sup> . . . . .	1,75	1,75

##### Útlánsvextir:

4. Endurkeyptir víxlar, forvextir		
a) veð í útflutningsafurðum . . . . .	5,25	6,25
b) önnur afurðalán . . . . .	6,75	8,25
c) Ýmis rekstrarlán . . . . .	8,5 — 9,5	10,0 — 11,5
5. Vixlar gegn verðbréfum . . . . .	10,0	12,5
6. Yfirdráttur á viðskiptareikn. . . . .	16,0	18,0

### II. Bindiskyldureglur

Hlutföll í %	Fyrir 1/3/73	1/3/73- 1/7/73	Eftir 1/7/73
1. Hámarksbinding innlána . . . . .	20,0	21,0	22,0
2. Binding af innlánaaukningu . . . . .	30,0	30,0	30,0

<sup>1</sup> Auk yfirdráttarvaxta af skuld skal greiða 3% viðskiptagjald af umsaminni yfirdráttarheimild.

<sup>2</sup> Af bundnum innstæðum fær viðkomandi innlánsstofnun 2,25% eða 1,75% hærri vexti en hún greiðir af meðaltali af innlánunum.



Úr reikningum Seðlabankans  
(Hreyfingar nettó)

Grunnfjármýndun Seðlabankans  
Í millj. kr. Í hlutfallstölum

	1972	1973	1972	1973
1. Erlendar eignir, nettó .....	765 <sup>1</sup>	1.051	56,7	28,7
2. Innendar eignir, nettó .....	584	2.616	43,3	71,3
2.1 Ríkissjóður og ríkisst., nettó .....	÷ 283 <sup>2</sup>	1.206	÷21,0	32,9
2.11 Ríkissjóður, nettó .....	÷ 93 <sup>2</sup>	381	÷ 6,9	10,4
2.12 Ríkisstofnanir, nettó .....	÷ 190 <sup>2</sup>	44	÷14,1	1,2
2.13 Viðlagasjóður .....	—	781	—	21,3
3. Kröfur á fjárf.lánasj. ....	295	246	21,9	6,7
4. Kröfur á innlánsstofn. ....	1.091	1.981	80,8	54,0
4.1 Endurkaup <sup>3</sup> .....	659	1.279	48,8	34,9
4.2 Lausaskuldir .....	432	702	32,0	19,1
5. Kröfur á aðra .....	÷ 528 <sup>2</sup>	÷ 10 <sup>2</sup>	÷39,1	÷ 0,3
6. Sjóðir í opinberri vörzlu .....	÷ 55 <sup>2</sup>	÷ 696 <sup>2</sup>	÷ 4,9	÷19,0
7. Eigið fé o. fl. ....	64	÷ 111 <sup>2</sup>	4,7	÷ 3,0
8. Grunnfé .....	1.349	3.667	100,0	100,0
8.1 Innlánsstofnanir .....	1.092	2.431	80,9	66,3
8.12 Veltufjármunir .....	390	376	28,9	10,3
8.13 Bundnar innstæður <sup>4</sup> .....	702	2.055	52,0	56,0
8.2 Seðlar og mynt í umferð .....	401	541	29,7	14,7
8.3 Innstæður fjárfestingarlánasjóða ..	÷ 144	695	÷10,6	19,0

<sup>1</sup> Allar bókhaldsbreytingar v/gengisbreytinga eru dregnar frá.


<sup>2</sup> Minusmerki (÷) tákna bættu stöðu, innstæðuaukningu eða eiginfjárukningu.

<sup>3</sup> Lítil upphæð verðbréfa talin með.

<sup>4</sup> Mjög lítil upphæð innstæðna á uppsagnarreikningum talin með.

um hlutföllum öfugt farið, er innlend eignaukning bankans stóð að baki rösklega tveim fimmtu og erlend að tæplega þrem fimmtu grunnfjárukningar ársins.

Óhagstæð afkoma opinberra aðila, aðallega ríkissjóðs og Viðlagasjóðs, leiddi af sér um 1.206 millj. kr. peningaústreymi frá Seðlabankanum eða sem svaraði til eins þriðja af heildargrunnfjárukningunni. Nettóskuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana jukust um 425 millj. kr. á árinu 1973, en höfðu lækkað árið áður um tæpar 300 millj. kr. Nam skuldaaukning ríkissjóðs og ríkisstofnana (þ. e. hjá aðilum á A- og B-hluta fjárlaga) fram til júní-loka röskum 930 millj. kr., sem var tæpum 450 millj. kr. minni skuldaaukning en á sama tíma 1972. Seinni hluta ársins snérist afkoma ríkissjóðs að venju til betri vegar, og lækkuðu nettóskuldirnar um röskar 500 millj. kr. miðað við 1.650 millj. kr. bata seinni hluta 1972. Afkoma ríkissjóðs og ríkisstofnana versnaði þannig um 725 millj. kr. milli þessara tveggja ára. Seðlabankinn varð jafnframt að hlaupa undir bagga með Viðlaga-



Staða ríkissjóðs og ríkisstofnana




sjóði, sérstaklega fyrri hluta árs, en tekjuöflun sjóðsins var þá varla komin í gang. Fram til júniloka hafði Seðlabankinn lánað 510 millj. kr. í þessum tilgangi. Á seinni hluta ársins 1973 reyndist nauðsynlegt að lána Viðlagasjóði 271 millj. kr. til viðbótar, þar eð tekjur sjóðsins komu hægar inn en gert hafði verið ráð fyrir, sérstaklega tekjur, innheimtar fyrir milligöngu sveitarfélaga. Lán Seðlabankans til fjárfestingarlánasjóða námu 246 millj. kr. á árinu 1973, sem var nokkru lægri upphæð en árið áður.

#### Staða innlánsstofnana

Eina meginorsök peningaústreymis hjá Seðlabankanum, sem orsakaði meira en helming heildargrunnfjárukningar, má rekja til fyrirgreiðslu hans gagnvart innlánsstofnunum, en þær juku skuldir sínar um tæpar 2.000 millj. kr. Endurkaup Seðlabankans vegna atvinnuveganna jukust um tæpar 1.300 millj. kr. eða 46%, en höfðu aukizt um 31% árið 1972. Lausaskuldir innlánsstofnana hjá bankanum jukust einnig mikið eða um röskar 700 millj. kr. (68%). Var hér eingöngu um að ræða aukinn yfirdrátt (746 millj. kr.), en önnur skammtímalán drógust lítið eitt saman séð yfir árið í heild. Að venju lækkuðu lausaskuldir innlánsstofnana um 638 millj. kr. (330 millj. kr. 1972) fyrri helming ársins 1973, en á seinni hlutanum jukust þær um 1.340 millj. kr. (762 millj. kr.), og endurspeglar það glöggst mjög aukin útlán viðskiptabankanna á þeim tíma þrátt fyrir aðhaldsaðgerðir Seðlabankans. Eitt af hlutverkum Seðlabankans er að forða greiðsluþroti innlánsstofnana, þar eð slíkt ástand myndi skapa öngþveiti og vantraust á allar bankastofnanir, þótt aðeins væri um örðugleika hjá einum aðila að ræða. Þannig hefur bankinn ávallt látið viðgangast, að einstakir viðskiptabankar eða sparisjóðir geti yfirdregið viðskiptareikning sinn til þess að mæta tímabundinni greiðslufjárbörf. Slík yfirdráttarlán bera hins vegar háa refsivexti til þess að draga úr notkun slíkrar fyrirgreiðslu. Þann 1. maí 1973 voru þessir vextir hækkaðir um 2% upp í 18%, sem reiknast af hæstu skuld á hverju tíu daga tímabili. Vextir af víxillánnum til innlánsstofnana voru samtímis hækkaðir um 2% eða upp í 12,5% á ári, og greiðast þeir fyrirfram eins og víxilvextir almennt. Um árangur þessarar vaxtahækkunar má vafalaust deila, en reyndin varð, að yfirdráttarlán innlánsstofnana hjá Seðlabankanum jukust um 666 millj. kr. og víxillán um 674 millj. kr. seinustu sex mánuði ársins 1973.

Útlán innlánsstofnana jukust um tæp 33% árið 1973 borið saman við um 20% aukningu árið áður. Varð útlánaaukningin sérstaklega hröð upp úr miðju árinu fram til ársloka, eins og sjá má af þróun lausafjárstöðu þeirra. Þannig hafði lausafjárstaða

## Úr reikningum innlánsstofnana<sup>1</sup>



Hreyfingar  
Janúar—desember

Reikningsstaða  
31. desember

	1972	1973	1973
<b>Eignir:</b>			
1. Lausafjárstaða, alls .....	÷ 41	÷ 181	÷ 1.019
1.1 Staða gegn Seðlabanka .....	÷ 42	÷ 325	÷ 650
1.2 Staða gegn útlöndum <sup>2</sup> .....	1	144	÷ 369
2. Bundnar innst. hjá Seðlabanka <sup>3</sup> .	702	2.055	6.812
3. Útlán .....	3.868	7.662	31.076
4. Endurlánað erlent lánsfé <sup>2</sup> .....	320	681	1.197
5. Eignir = skuldir .....	4.849	10.217	38.066
<b>Skuldir:</b>			
6. Innstæður alls .....	3.561	7.897	31.392
6.1 Veltiinnlán .....	855	2.101	6.882
6.2 Spariinnlán .....	2.674	5.629	24.117
6.3 Geymslufé v/innflutn. ....	32	167	393
7. Endurkaup Seðlabankans <sup>4</sup> .....	659	1.279	4.083
7.1 Landbúnaður .....	341	532	1.892
7.2 Sjárvarútvægur .....	206	480	1.482
7.3 Iðnaður .....	83	191	441
7.4 Annað <sup>4</sup> .....	29	76	268
8. Erlent lánsfé til langs tíma <sup>2</sup> ....	339	658	1.170
9. Eigið fé o. fl. ....	290	383	1.421

<sup>1</sup> Viðskiptabankar, sparisjóðir og innlánsdeildir kaupfélaga.

<sup>2</sup> Allar bókhaldsbreytingar v/gengisbreytinga eru dregnar frá.

<sup>3</sup> Lítil upphæð á uppsagnarreikningum talin með.

<sup>4</sup> Lítil upphæð verðbréfa talin með.

### Útlán innlánsstofnana

innlánsstofnana batnað um röskar 550 millj. kr. á fyrri árshelmingi, en á hinum síðari versnaði lausafjárstaðan um meira en 730 millj. kr. Séu endurkaup Seðlabankans, en þau eru talin með í heildarútlánnum innlánsstofnana, dregin frá, kemur í ljós, að útlán innlánsstofnana þannig talin hafa aukizt heldur hægar eða um tæp 31% miðað við rösk 18% árið 1972. Á móti endurkaupum Seðlabankans, sem námu 1.279 millj. kr., vó hins vegar, að bundnar innstæður innlánsstofnana hjá Seðlabankanum jukust um 2.055 millj. kr. (43,4%) á árinu 1973. Um 500 millj. kr. af þessari bindiskylduaukningu áttu rót sína að rekja til hækkunar á bindiskylduhlutfallinu, sem framkvæmd var á árinu og gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, en 1.550 millj. kr. stöfuðu af meira en 32% aukningu heildarinnstæðna hjá innlánsstofnunum. Útlán viðskiptabanka jukust mun hraðar en sparisjóða eða um tæp 35% (20% árið 1972), endurkaup talin með, en 32% (18%) án þeirra, á meðan útlán sparisjóða jukust um rösk 22% (17,5%), sem endurspeglast einnig í ólíkri lausafjárþróun þessara stofnana.



## Lausafjárstaða

Lausafjárstaða allra innlánsstofnana versnaði um 181 millj. kr. á árinu 1973, og var staða þeirra neikvæð (þ. e. lausaskuldir umfram lausaeignir) um 1.019 millj. kr. í lok ársins. Lausafjárstaðan gagnvart Seðlabankanum hafði versnað um 325 millj. kr., en aftur á móti batnaði staðan gagnvart útlöndum um 144 millj. kr. Lausafjárrýrnunin var öll hjá viðskiptabönkunum, þar eð lausafjárstaða sparisjóða gagnvart Seðlabankanum batnaði um 205 millj. kr. og var jákvæð um 220 millj. kr. í árslok 1973. Staða viðskiptabanka gagnvart Seðlabankanum var hins vegar neikvæð um 862 millj. kr. og gagnvart útlöndum neikvæð um 368 millj. kr.

## Innlán

Heildarinnlán hjá innlánsstofnunum jukust um 32,3% (17,7% árið 1972), sem er mjög svipað eða aðeins undir aukningu útlána, enda töluverð fylgni með þessum tveim stærðum að öðru jöfnu; veltiinnlán jukust um 42% (20,9%) og spariinnlán um 29,3% (16,7%). Heildarinnlán hjá viðskiptabönkum jukust um 34,8%, sem voru jöfn hlutfallsaukningu útlána. Heildarinnlánsaukning sparisjóða var mun hægari eða um 28,7%, en það var um 6,5% umfram aukningu útlána. Endanlegar tölur liggja ekki enn fyrir um innstæðuþróun innlánsdeilda kaupfélaga, en um nokkra aukningu virðist hafa verið að ræða á árinu 1973.

## Lánaflokkun

Sé litið á dreifingu útlánaaukningar innlánsstofnana eftir lán-takendum, sést, að atvinnuvegirnir hafa fengið tæpa þrjá fjórðu hluta, sem var 3% minna en árið 1972. Einstaklingar hafa einnig fengið hlutfallslega minna sem nemur 3% eða alls 18,4% af heildaraukningunni. Þar vegur þyngst, að lán einstaklinga vegna íbúðabygginga drógust hlutfallslega saman úr 18% í 9% árið 1973. Hins vegar jókst hlutdeild annarra einstaklingslána úr 3% árið 1972 í 9%. Veruleg aukning varð einnig á lánahlutdeild annarra lántökuaðila (þ. e. ríkissjóðs og ríkisstofnana, bæjar- og sveitarfélaga og fjárfestingarlánasjóða), sem jókst úr 2,5% í 8,6 árið 1973.

## Lánaflokkun án endurkaupa

Eins og 21. tafla aftast í þessari skýrslu sýnir, varð á árinu 1973 mest aukning í millj. kr. talið í lánum til sjávarútvegs 1.458 millj. kr. (19,1% af heildarútlánaaukningu ársins), verzlunar 1.172 millj. kr. (15,3%), iðnaðar 1.120 millj. kr. (14,7%) og landbúnaðar 998 millj. kr. (13,1%). Aðrir atvinnuvegir (þ. e. þjónusta, verktakar, samgöngur og raforkumál) fengu þannig samtals um 9% af útlánaaukningu innlánsstofnana á árinu 1973. Séu endurkaup Seðlabankans vegna atvinnuveganna dregin frá útlánum innlánsstofnana lækkar bæði hlutdeild atvinnuveganna og einstakra atvinnugreina í útlánaaukningu ársins 1973. Hluttur atvinnuveganna í heild lækkar í tvo þriðju hluta úr tæpum



þrem fjórðu. Verzlunin hefur jafnframt fengið hlutfallslega mest einstakra atvinnugreina eða 18,4%, þar eð hún nýtur ekki endurkaupafyrirgreiðslu; sjávarútvegur fékk 15,4%, sem er 3,7% lækkun, en endurkaup Seðlabankans höfðu aukizt um 480 millj. kr. (48%); iðnaður fékk 14,6%, sem er hlutfallslega mjög svipað og áður, en endurkaup Seðlabankans jukust um 191 millj. kr. (76%); landbúnaður fékk 7,3%, sem er 5,8% lækkun, en endurkaupin höfðu aukizt um 532 millj. kr. (39%); aðrar atvinnugreinar hafa þá fengið samtals 11,8% af heildinni, sem er 2,8% hækkun hlutdeildar.

## STARFSEMI FJÁRFESTINGARLÁNASJÓÐA OG LÍFEYRISSJÓÐA

Auk innlánsstofnana er hér á landi starfandi mikilvægur hópur lánastofnana, sem fjármagnast með öðrum hætti en innláns-um. Helztu tveir hópar slíkra stofnana eru svokallaðir fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir. Þar fyrir utan er Atvinnuleysis-tryggingarsjóður nokkuð mikilvægur auk ýmissa sjóða, sem ekki verða taldir til ofangreindra hópa.

Fjárfestingarlánasjóðirnir hafa hvað mesta þýðingu, enda eru þeir undirstaða opinbers stuðnings við atvinnuvegina á lánsfjármarkaðnum. Eru slíkir sjóðir sextán að tölu, en fjármagnshreyfingar hvers og einstaks þeirra eru sýndar í töflu í töflusafni hér aftan við.

Áætlað er, að heildareignir fjárfestingarlánasjóða hafi numið um 22 milljörðum króna í árslok 1973, og er hér um 30% aukningu eigna að ræða frá fyrra ári, en þá jukust þær um nær 20%. Þessi mikla aukning stafar af mun meiri umsvifum fjárfestingarlánasjóða á árinu 1973, en þau má að mestu rekja til uppbyggingar fiskiskipaflotans, sem nú stendur yfir.

### Starfsemi fjárfesting- arlánasjóða

Starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna á árinu 1973 einkenndist mjög af því, að stjórnvöld lögðu ríka áherzlu á fjármunamyndun í hinum hefðbundnu atvinnugreinum þjóðarbúsins, sjávarútvegi og landbúnaði, en sú stefna var mörkuð fyrir nokkru, og er þetta annað árið í röð, sem hennar gætir í verulegum mæli í fjárstreymi sjóðanna. Einnig jukust útlán til íbúðabygginga tiltölulega mikið, en aukning til annarra greina efnahagslífsins var tiltölulega minni.

Hin síaukna áherzla, sem lögð hefur verið á starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna á undanförunum tveimur árum, hefur gert það að verkum, að þörf þeirra fyrir aukið lánsfé umfram þeirra eigið fé og venjubundna skatt- og lánsfjárstofna hefur farið hraðvaxandi. Hefur verið horfið að því ráði að jafna bilið með erlendum lántökum auk lántaka frá Seðlabankanum, sem hvorar

## *Fjárstreymi fjárfestingarlánasjóða*

Hreyfingar í millj. kr.

<i>Uppruni fjármagns:</i>	1972	1973
Eigin fjármögnun .....	619	938
Innkomnar afborganir og vextir .....	1.940	2.781
÷ Greiddar afborganir, vextir og kostnaður .....	÷ 1.321	÷ 1.843
Framlög án endurgjalds .....	938	1.852
Frá ríkinu .....	918	1.424
Annað .....	20	428
Lántökur .....	2.300	3.781
Ríkissjóður og ríkisstofnanir .....	360	1.102
Seðlabankinn .....	390	167
Viðskiptabankar .....	269	480
Lífeyrissjóðir .....	191	355
Atvinnuleysistryggingarsjóður .....	166	173
Skyldusparnaður .....	422	660
Annað innlent .....	11	4
Erlend lán .....	617	840
Stutt innlend lán, nettó .....	÷ 126	111
<i>Ráðstöfun fjármagns:</i>		
Lánveitingar .....	4.042	5.849
Framlög og styrkir .....	79	87
Hreyfingar á sjóði og bankainnstæðum .....	÷ 264	746

tveggja eiga sinn þátt í að auka á misvægið milli framboðs og eftirspurnar í efnahagslífinu.

Ný útlán fjárfestingarlánasjóða jukust úr 4.042 millj. kr. 1972 í 5.849 millj. kr. 1973, en það er 45% aukning, er fylgir á hæla 41% aukningar 1972 og 20% meðalársaukningar á árunum 1970 og 1971. Mest varð aukningin á lánum til sjávarútvegs, en lán til hans námu 2.706 millj. kr., er að mestu fóru í gegnum Fiskveiðasjóð. Stærsti hlutinn þar af er lán að upphæð 840 millj. kr. frá Japan í sambandi við kaup nýrra togara þaðan, en það lán tók Fiskveiðasjóður á árinu 1972 og færði heim 1973. Lán til landbúnaðar jukust úr 395 millj. kr. 1972 í 537 millj. kr. 1973, en til iðnaðar úr 458 millj. kr. 1972 í 576 millj. kr. 1973. Þá jukust lán til íbúðabygginga úr 1.196 millj. kr. 1972 í 1.502 millj. kr. 1973.

Nýjar lántökur sjóðanna jukust úr 2.300 millj. kr. 1972 í 3.781 millj. kr. 1973, en það er um 64% aukning, og hefur sá hluti af ráðstöfunarfé sjóðanna, sem fenginn er með nýjum lántökum, þar með vaxið úr 39% 1970 í 57% 1973. Langmestur hluti þessara lántaka var erlendur að uppruna. Auk 840 millj. kr. láns Fiskveiðasjóðs í Japan, sem nefnt var hér að ofan, tók ríkissjóður lán á almennum skuldabréfamarkaði í Evrópu (12 millj.



„reikningseininga“), en andvirði þess var 1.306 millj. kr., og af því fé gengu 800 millj. kr. til Framkvæmdasjóðs og 104 millj. kr. til Fiskveiðasjóðs. Þar að auki fékk Framkvæmdasjóður 150 millj. kr. að láni frá ríkissjóði af spariskírteinafé. Ennfremur tók Framkvæmdasjóður 480 millj. kr. að láni frá innlánsstofnunum í samræmi við samning hans við viðskiptabankana, að þeir veiti 10% af innistæðuaukningu sinni í formi lána til sjóðsins. Þá var gert óformlegt samkomulag milli Framkvæmdasjóðs og lífeyrissjóðanna, að hinir síðarnefndu keyptu skuldabréf af Framkvæmdasjóði, sem næmi um 15% af ráðstöfunarfé þeirra á árinu 1973. Eiga kaupin að hafa gerzt fyrir lok marz 1974. Fyrir árslok 1973 höfðu lífeyrissjóðir keypt skuldabréf Framkvæmdasjóðs samkvæmt þessu samkomulagi fyrir 168 millj. kr., en þar að auki keyptu þeir skuldabréf Byggingarsjóðs ríkisins fyrir 58 millj. kr. í samræmi við samkomulag þar að lútandi frá árinu 1972. Báðar tegundir skuldabréfa eru með 5% ársvöxtum til 15 ára (hálfis árs annuitet) og bera verðbætur í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar. Ennfremur hefur það færzt í vöxt undanfarin ár, að einstakir lífeyrissjóðir láni ýmsum fjárfestingarlánasjóðum beint eftir sérstöku samkomulagi hverju sinni. Þannig lánaði Lífeyrissjóður bænda Stofnlánadeild landbúnaðarins og Veðdeild Búnaðarbankans 82 millj. kr. 1973, Lífeyrissjóður verzlunarmanna Verzlunarlánasjóði 30 millj. kr. og Almennur lífeyrissjóður iðnaðarmanna Veðdeild Iðnaðarbankans 17 millj. kr.

Lán Atvinnuleysistryggingarsjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins fóru fram á líkan hátt og undanfarin ár og námu samtals 173 millj. kr. árið 1973. Innkominn skyldusparnaður nam 660 millj. kr. og hækkaði frá fyrra ári um 238 millj. kr. brúttó, en um 186 millj. kr. að frádregnum endurgreiðslum.

Bein framlög án endurgjalds til sjóðanna jukust úr 938 millj. kr. 1972 í 1.852 millj. kr. 1973. Munar þar mestu um aukningu á framlögum ríkisins, sem stafar mest af því, að markaðir tekjustofnar sjóðanna gáfu meira af sér, auk þess sem framlag til Byggingarsjóðs verkamanna af hálfu ríkisins var stórum meira en árið áður vegna tilfærslu milli ára. Framlög sveitarfélaga til sjóðsins jukust að sama skapi. Þá jukust einnig framlög Norðurlanda til Iðnþróunarsjóðs, en hann tók heim 291 millj. kr. erlendis frá á árinu 1973, en erlendu framlögin ráðast mjög af þörfum sjóðsins á hverjum tíma og sveiflast því frá ári til árs. Undanfarin tvö ár hefur verið afarhröð aukning í lánastarfsemi lífeyrissjóða. Áætlað er, að ráðstöfunarfé sjóðanna hafi numið 2.725 millj. kr. árið 1973 borið saman við 1.891 millj. kr. 1972 og 1.168 millj. kr. 1971. Eignir sjóðanna eru taldar hafa verið

## Lífeyrissjóðir

komnar í 8,8 milljarða kr. í árslok 1973 borið saman við um 22 milljarða hjá fjárfestingarlánasjóðum og 38 milljarða kr. hjá innlánsstofnunum. Þessi mikla aukning stendur í sambandi við stækkun lífeyrissjóðakerfisins með tilkomu margra nýrra lífeyrissjóða í ársbyrjun 1970, en verkalýðsfélög innan ASÍ sömdu flest hver um stofnun lífeyrissjóða fyrir félagsmenn sína. Hinir nýstofnuðu lífeyrissjóðir á vegum ASÍ voru byggðir á stighækkandi iðgjöldum yfir fjögurra ára tímabil frá stofnun, þannig að fyrsta árið námu iðgjöld sjóðfélaga 1% af launum og mótframlag atvinnurekenda 1½% á móti, en þessir hundr- aðshlutar hækkuðu síðan í jöfnum þrepum yfir fjögur ár fram á árið 1973, er iðgjald sjóðfélaga var komið í 4% og mótframlag atvinnurekenda í 6%. Með þessu móti fékkst mikill vöxtur í lífeyrissjóðakerfið í heild, mun meiri en á fyrri árum.

Hreinar iðgjaldatekjur jukust úr 666 millj. kr. 1971 í 1.290 millj. kr. 1972 og enn í 1.905 millj. kr. 1973. Frá 1971 til 1973 nemur aukningin því 186%. Sá hluti af uppruna fjárstreymis, sem stafar af innkomnum afborgunum og vöxtum að frádregnum kostnaði, er einu nafni kallaður eigið fé, en það hefur aukizt úr 502 millj. kr. 1971 í 601 millj. kr. 1972 og 820 millj. kr. 1973. Útlán sjóðanna jukust úr 981 millj. kr. 1971 í 1.570 millj. kr. 1972 og í 2.310 millj. kr. 1973, en það er 135% aukning frá 1971 til 1973. Mestur hluti af útlánnum sjóðanna er til sjóðfélaganna sjálfra eða um 1.800 millj. kr. 1973, en á undanförunum árum hefur það færzt í vöxt, að sjóðirnir láni til fjárfestingarlánasjóða, atvinnufyrirtækja og annarra aðila. Þessi breyting stendur að nokkru í tengslum við það vandamál, að sjóðirnir hafa nauðsynlega þurft að afla sér betri ávöxtunar á fé sínu en hægt hefur verið að fá með lánnum til sjóðfélaga á einföldum fast-

### *Fjárstreymi lífeyrissjóða*

Í millj. kr.

	1971	1972	Áætl. 1973
<i>Uppruni:</i>			
Eigið fé .....	502	601	820
Innkomnar afborganir .....	224	279	405
Vaxtatekjur .....	294	373	465
Annað .....	÷ 16	÷ 51	÷ 50
Hreinar iðgjaldatekjur .....	666	1.290	1.905
Iðgjöld .....	1.010	1.707	2.590
÷ Lífeyrisgreiðslur og endurgr. iðgjöld ....	÷ 344	÷ 477	÷ 685
<i>Ráðstöfun:</i>			
Útlán .....	981	1.570	2.310
Aukning í sjóði og bankainnstæðum .....	187	321	415

eignaveðslánavöxtum. Til að mæta þessum vanda hafa sjóðirnir átt viðræður við stjórnvöld í sérstakri nefnd, er fjármálaráðherra skipaði í maí 1973, en henni var falið að kanna á breiðum grundvelli, hvernig hægt væri að haga ávöxtun lífeyrissjóða svo, að þeir gætu sem best staðið við lífeyrisskuldbindingar sínar í framtíðinni, en um leið, hvernig best mætti nota lánsfé lífeyrissjóðanna með þjóðarhag fyrir augum. Búið er við, að nefnd þessi skili álit á árinu 1974.



## YFIRLIT YFIR LÁNAMARKAÐINN

Í kafla þessum verður leitast við að draga saman það, sem sagt hefur verið í köflunum hér að framan um lánastarfsemi bankakerfisins, fjárfestingarlánasjóða og lífeyrissjóða svo og um erlendar lántökur. Verður þannig reynt að gefa heildaryfirlit yfir sparnað, fjárfestingu og heildarveltu lánsfjár í efnahagskerfinu.

Í meðfylgjandi töflu er sýnd heildarmynd af lánamarkaðnum fyrir árin 1972 og 1973. Kemur þar fram, að heildarframboð lánsfjár<sup>1</sup> af erlendum og innlendum uppruna hefur nær tvöfaldast milli þessara tveggja ára, úr tæpum 9 milljörðum kr. í 16,4 milljarða. Að langmestu leyti stafar þetta af auknu framboði á lánsfé á innlendum markaði, en það jókst um 103% frá 1972 til 1973 eða úr tæpum 7,5 milljörðum kr. í 15,2 milljarða. Hreinar erlendar lántökur minnkuðu hins vegar milli áranna úr 1.503 millj. kr. í 1.157 millj. kr. Fyrir utan erlendar lántökur átti sér stað umtalsverður fjármagnsinnflutningur í formi fjárframlaga vegna Vestmannaeyjagossins, en sá hluti verður ekki talinn með hér, heldur er gerð grein fyrir honum í kaflanum um greiðslujöfnuð.

### Innlend lán

Langmesti hlutinn af innlendum lánnum hefur gengið til atvinnuveganna. Árið 1972 hlutu þeir 4.515 millj. kr. í lánnum; árið 1973 er þessi upphæð komin í 9.472 millj. kr., en bæði þessi ár var hluti þeirra af heildarútlánaaukningunni innanlands um þrjú fimmtu. Hins vegar minnkaði sá hluti af heildarlánsaukningunni innanlands, sem fór til íbúðaeigenda, úr rúmum 37% 1972 í 23% 1973, en á móti jók ríkið (ríkissjóður og stofnanir ríkisins aðrar en atvinnufyrirtæki) hlut sinn nokkuð.

Sé litið á skiptingu innlendra lána eftir lánastofnunum, þá eru lán viðskiptabankanna til atvinnuveganna stærsti þátturinn í

<sup>1</sup> Í þessum kafla er eingöngu rætt um lán eða lánveitingar sem hreina aukningu á útstandandi lánsfé.

*Innlendur lánamarkaður<sup>1</sup> og erlendar lántökur 1972 og 1973*  
(Nettóhreyfingar í millj. kr.)

		<i>Lánþegar</i>					
		Ríkissj. og ríkisst.	Sveitar- félög	Atvinnu- vegir <sup>5</sup>	Íbúða- eigendur	Aðrir einka- aðilar	Samtals
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)
Lánveitendur:							
Innlend lán		1973	1.263	330	9.472	3.479	692 15.236
		1972	52	22	4.515	2.779	126 7.494
1.	Seðlabankinn <sup>2</sup>	1973	1.206	÷ 1	÷ 9	—	— 1.196
		1972	÷278	÷ 18	÷510	—	— ÷806
2.	Viðskiptabankar	1973	34	157	5.884	571	601 7.247
		1972	116	÷ 42	3.154	201	94 3.523
3.	Sparisjóðir	1973	37	25	318	143	91 614
		1972	÷ 3	÷ 59	÷ 39	501	32 432
4.	Innlánsdeildir	1973	—	—	118	—	— 118
		1972	—	—	78	—	— 78
5.	Bankakerfið	1972	1.277	182	6.310	714	692 9.175
		1972	÷165	÷120	2.683	701	126 3.225
6.	Fjárfestingarlánasj. <sup>3</sup>	1973	÷ 53	124	2.991	1.333	— 4.395
		1972	158	122	1.712	1.069	— 3.061
7.	Lífeyrissjóðir <sup>3</sup>	1973	26	4	96	1.432	— 1.558
		1972	28	5	66	1.008	— 1.107
8.	Atvinnuleysistr.sj. <sup>3</sup>	1973	13	20	75	—	— 108
		1972	31	15	54	1	— 101
Erlend lán og fjármagnstilfærslur		1973	1.361	122	÷326	—	— 1.157
		1972	1.759	315	÷571	—	— 1.503
1.	Lán til langs tíma <sup>4</sup>	1973	1.371	122	1.249	—	— 2.742
		1972	1.909	315	÷ 91	—	— 2.133
2.	Lán til skamms tíma	1973	÷ 10	—	÷1.575	—	— ÷1.585
		1972	÷150	—	÷480	—	— ÷630
Erl. og innl. lán, alls		1973	2.624	452	9.146	3.479	692 16.393
		1972	1.811	337	3.944	2.779	126 8.997

starfsemi lánamarkaðarins. Árið 1972 sáu viðskiptabankarnir atvinnuvegunum fyrir nær 70% af heildarlánunum þeirra á árinu, en hlutfall þetta lækkaði í 62% árið 1973. Hluttur fjárfestingarlánasjóða í heildarlánsfjármögnun atvinnuveganna er einnig ávallt þýðingarmikill. Árið 1972 nam hann 38%, en 1973 var hann 32%. Annar stærsti lánþega flokkurinn á markaðnum, íbúðaeigendur, fá mestan hluta af lánsfé sínu frá fjárfestingarlánasjóðunum og lífeyrissjóðunum. Meðal fjárfestingarlána-

<sup>1</sup> Innbyrðis viðskipti lánveitenda hafa verið dregin frá útlánunum þeirra.

<sup>2</sup> Endurlánað erl. lánsfé banka og sjóða (577 m. kr. 1972 og 1.228 m. kr. 1973) er talið með útlánunum viðkomandi stofnana; bókfærðar breytingar vegna gengisbreytinga eru taldar frá.

<sup>3</sup> Að nokkru áætlað.

<sup>4</sup> Lántökur lánastofnana ekki taldar með.

<sup>5</sup> Að meðtöldum ríkisfyrirtækjum.

sjóða skipta lán Byggingarsjóðs ríkisins mestu máli í þessu efni. Heildarlán til íbúðaeigenda námu 3.479 millj. kr. árið 1973 borið saman við 2.779 millj. kr. 1972, en þar af lánuðu fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir samtals nær 80% 1973. Viðskiptabankar eru og þýðingarmiklir lánveitendur til íbúðaeigenda, en lán þeirra til þessa flokks lánþega jukust mikið frá 1972 til 1973, en á móti drógust lán frá sparisjóðum saman.

Ekki er ríkið venjulega stór lánþegi hjá innlendum lánastofnunum, en á árinu 1973 er á þessu undantekning, er ríkið tók að láni rúmar 1.200 millj. kr. hjá Seðlabankanum, en frá þeim viðskiptum er nánar greint í kaflanum um peningamál hér að framan. Sveitarfélög eiga venjulega umtalsverð lánsviðskipti við viðskiptabankana innan hvers árs til að brúa bilið vegna árstíðasveiflunnar í útsvarstekjum. Árið 1973 jukust hins vegar lán til sveitarfélaga frá bönkunum nokkuð, m. a. vegna erfiðrar fjárhagsstöðu nokkurra stærstu sveitarfélaganna.

Ítarleg grein er gerð fyrir erlendum fjármagnshreyfingum í kaflanum um greiðslujöfnuð, en einnig er komið inn á þessa hlið mála í kaflanum um peningamál hér að framan. Hér verður aðeins vikið að skiptingu erlendra lánahreyfinga á innlenda lánþega, en það er aðeins hluti af heildarmyndinni yfir fjármagnshreyfingar gagnvart útlöndum. Fyrir utan lántökur innlendra aðila erlendis og endurgreiðslur þar af er um að ræða innflutning á fjármagni til fjárfestingar svo og erlend framlög, sem á árinu 1973 urðu óvenjumikil vegna gossins í Vestmannaeyjum. Í þriðja lagi á sér stað nokkur aukning á gjaldþreign landsins, en hana má skoða sem eins konar lánveitingu til annarra landa. Í þessari samantekt yfir lánamarkaðinn verður aðeins vikið að einum hluta þessara fjármagnshreyfinga, þ. e. beinni erlendri lántöku að frádregnum endurgreiðslum.

## **Erlend lán**

Heildarlántökur erlendis minnkuðu nokkuð árið 1973 frá fyrra ári og námu 1.157 millj. kr. á nettógrundvelli borið saman við 1.503 millj. kr. 1972. Bak við þessar heildartölur felst aftur á móti önnur mynd yfir lán til langs tíma annars vegar og skamms tíma hins vegar, en lántökur til langs tíma jukust að mun eða úr 2.133 millj. kr. 1972 í 2.742 millj. kr. 1973. Á móti kom mikill samdráttur í skammtímalánum. Þau minnkuðu um 1.585 millj. kr. 1973 eftir að hafa dregizt saman um 630 millj. kr. 1972. Lán til skamms tíma stafa að miklu leyti af gjaldfresti vegna vörukaupa, en hann var þrengdur talsvert árið 1973. Erlendar lántökur til langs tíma voru hins vegar mjög umfangsmiklar á árinu 1973, eins og ofangreindar tölur gefa til kynna. Stafar þetta m. a. af umfangsmiklum skipakaupum erlendis,



en þar á móti koma ávallt mikil erlend lán til atvinnuveganna. Þá hefur ríkið farið inn á þá braut undanfarin ár að gerast lántakandi á erlendum markaði í nokkuð stórum stíl og hefur gefið út almenn skuldabréfalán erlendis í því skyni. Að hluta notar ríkið fé þetta til eigin þarfa, en endurlánar mikinn hluta þess til annarra lánastofnana, sem síðan endurlána það. Er sá þáttur í fjármagnskerfinu að nokkru rakinn í kaflanum um fjárfestingarlánasjóði hér að framan.

Hér hefur verið fjallað um skiptingu innlands og erlends lánsfjár eftir lánveitendum og lánþegum. Með þessari heildarmynd er gott að gera því skil, í hvaða samhengi starfsemi lánamarkaðarins stendur við heildarsparnaðinn í landinu og hversu miklum hluta hans er ráðstafað gegnum lánamarkaðinn.

#### **Vergur sparnaður**

Árið 1973 jókst hlutfall sparnaðar í þjóðarframleiðslu (sjá 2. töflu í töflusafni aftan við) að mun frá fyrra ári eða í 27,9% 1973 úr 24,9% 1972. Nam vergur sparnaðar árið 1973 samtals 25,3 milljörðum króna borið saman við 16,5 milljarða króna 1972. Innlend lán námu 15,2 milljörðum kr. 1973 eða réttum þrem fimmstu af vergum sparnaði. Árið 1972 var samsvarandi hlutfall hins vegar ekki nema um 45%. Bendir þetta til, að umfang lánakerfisins í milligöngu milli sparenda og fjárfestenda hafi aukizt að nokkru, þótt vafalaust megi rekja hluta af hækkun þessa hlutfalls til aukinnar peningasköpunar í lánakerfinu á árinu 1973.

## GENGISMÁL

Síðastliðið ár var eitt hið viðburðaríkasta, sem um getur á sviði gengismála, bæði innan lands og utan. Á árinu sundraðist til fulls fastgengiskerfi það, sem kennt er við Bretton Woods og ráðið hafði ríkjum í heiminum í meira en aldarfjórðung. Byggðist kerfið eins og nafnið bendir til á föstu stofngengi gjaldmiðla með tiltölulega þröngum mörkum sínu hvorum megin, þar sem markaðsgengi gat sveiflaxt frá degi til dags. Mörk þessi voru lengst af 1%, en voru hækkuð í 2¼% í desember 1971. Sjálfu stofngenginu var óheimilt að breyta nema að fengnu leyfi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og þá aðeins til að leiðrétta grundvallarmisvægi. Nú er ríkjandi óformlegt kerfi fljótandi gjaldmiðla, og hafa gengissveiflur verið verulegar bæði frá degi til dags og frá mánuði til mánaðar.

Eftir fremur kyrrláta þróun á alþjóðagjaldeyrismörkuðum á síðari hluta árs 1972 hófst þegar í janúarmánuði 1973 veruleg spákaupmennska, einkum gegn Bandaríkjadollar. Fór þá svissneski frankinn strax á flot. Hinn 12. febrúar var tilkynnt, að stofngengi Bandaríkjadollars yrði lækkað um 10% gagnvart Sérstöku dráttarréttindum (SDR). Þá voru japanskt yen og ítölsk líra sett á flot, en fyrir voru á floti sterlingspund og Kanada-dollar. Önnur helztu iðnaðarlönd ákváðu að halda gengi sínu óbreyttu og föstu. Þrátt fyrir þetta hélzt mjög óvísst ástand á gjaldeyrismörkuðum, og spákaupmennska jókst fljótlega á ný. Var af þeim sökum ákveðið að loka gjaldeyrismörkuðunum frá 2. marz, og voru þeir lokaðir til 19. marz, meðan leitað var að lausn þessa mikla vanda. Að lokum var ákveðið að láta flesta gjaldmiðla innan Efnahagsbandalags Evrópu aðra en líru og sterlingspund fljóta sameiginlega, en jafnframt var gengi þýzka marksins hækkað um 3%. Noregur og Svíþjóð tóku fljótlega þátt í þessu fyrirkomulagi. Voru nú allir helztu gjaldmiðlar heims komnir með fljótandi gengi. Að vísu voru ákveðin svæði með fast gengi innbyrðis. Ýmis lönd tengdu gjaldmiðil sinn þannig

## Gengispróun krónunnar

dollar, önnur sterlingspundi eða frönskum franka auk sjálfs Efnahagsbandalagssvæðisins, sem fyrr getur. Efnahagsbandalagssvæðið klofnaði síðar, er franskir frankinn var settur á flot í byrjun þessa árs, en áður höfðu þar átt sér stað allmiklar innbyrðis stofngengisbreytingar.

Fram undir miðjan maímánuð (1973) ríkti kyrrð á gjaldeyris-mörkuðum með fremur litlum breytingum á gengi. Eftir það tók gengi dollars að falla ört, og hélt svo áfram þar til síðast í júlí. Þá snerist þróunin alveg við, og hækkaði gengi dollars jafnt og þétt fram til ársloka. Er yfirlétt talið, að þetta óformlega kerfi fljótandi gjaldmiðla hafi gefið sæmilega raun miðað við þær aðstæður, sem ríkt hafa. Það er samt yfirlýst stefna, að horfið skuli aftur til fastgengiskerfis, þegar aðstæður leyfa, en í miklu sveigjanlegri mynd en áður. Engar horfur eru þó á, að þær aðstæður myndist í náinni framtíð, einkum vegna áhrifa hinna miklu verðhækkana á olíu á greiðslujöfnuð og efnahagsmál í heiminum.

Þróun alþjóðlegra gengis- og gjaldeyris mála hafði djúpstæð áhrif á íslensk gengismál, þó að önnur atriði hefðu þar einnig mikil áhrif, svo sem þróun greiðslujafnaðar og verðlags utan lands og innan. Þegar gengi Bandaríkjadollars var lækkað um 10% í febrúar, var talið óhjákvæmilegt að láta gengi krónunnar fylgja með, einkum þar sem um þrjú fimmtu hlutar útflutningstekna eru í dollurum og búizt var við verulegri rýrnun viðskiptakjara vegna gengislækkunar dollars. Var því stofngengi krónunnar gagnvart gulli og Sérstökum dráttarréttindum lækkað um 10% hinn 15. febrúar 1973 eða úr 0,00830471 í 0,00747424 g af skíru gulli hver króna. Gengi gagnvart dollar var að sjálfsgöðu óbreytt.

Þegar leið á aprílmánuð, varð ljóst, að veruleg breyting var orðin á aðstöðu útflutningsatvinnuveganna. Frá því að ákvörðun um stofngengi var tekin hinn 15. febrúar, höfðu orðið verulegar hækkunar á útflutningsverðlagi, og átti það við um allar helztu framleiðslugreinar sjávarútvegsins. Hafði því myndast nokkurt svigrúm í efnahagsmálum umfram það, sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins tók til sín. Í stað þess að láta þessar verðhækkunarir streyma inn í hagkerfið og valda þar nýjum hækkunum tekna og verðlags var ákveðið hinn 30. apríl 1973 að hækka stofngengi krónunnar að nýju um 6%, enda höfðu greiðslujafnaðarhorfur batnað vegna vaxandi útflutningstekna. Stofngengi gagnvart dollar hækkaði úr 98,56 krónum í 92,98 krónur hver dollar, en gagnvart gulli varð stofngengið 0,00792269 g af skíru gulli hver króna.

Eins og fyrr segir tók gengi Bandaríkjadollars að falla á ný,



## Stefnan í gengismálum

Þegar leið á maímánuð. Þar sem krónan var bundin gengi dollars, féll gengi hennar í sama mæli gagnvart gjaldmiðlum flestra annarra viðskiptalanda Íslendinga. Leiddi þetta til þess, að um miðjan júní var sú gengishækkun krónunnar, sem ákveðin var hinn 30. apríl, orðin minni en að var stefnt, og ekki var heldur séð fyrir endann á gengisfalli dollars. Voru því gefin út bráðabirgðalög hinn 14. júní 1973, sem heimiluðu Seðlabankanum að fengnu leyfi ríkisstjórnarinnar að skrá markaðsgengi fyrir ofan 2¼% mörkin frá stofngengi, sem gilt höfðu fram að þessu.

Markaðsgengi ofar 2¼% markanna gagnvart dollar var svo skráð í fyrsta sinn daginn eftir. Meðan gengi dollars var að falla fram á síðari hluta júlímánuðar var markaðsgengi krónunnar hækkað sex sinnum, að meðtalinni fyrstu breytingunni hinn 15. júní. Þannig hækkaði miðmarkaðsgengi gagnvart dollar í kr. 86,80, en stofngengi 14. júní var kr. 92,98 eins og fyrr er getið. Hækkunin nam 5,01%. Gagnvart flestum öðrum gjaldmiðlum lækkaði gengi krónunnar á þessu tímabili, þannig að meðalgengið gagnvart öllum gjaldmiðlum lækkaði um 2,1%.

Frá 19. júlí og fram undir miðjan september hækkaði markaðsgengi krónunnar ekki gagnvart dollar. Þar sem gengi hans fór hækkaði og krónan fylgdi honum, átti sér því stað raunveruleg hækkun á meðalgengi krónunnar sem svarar 3,4%, enda voru ytri aðstæður hagstæðar á þessu tímabili.

Þegar kom fram undir miðjan september, var orðið ljóst, að útflutningsverðlag hafði enn hækkað mjög og leiddi til verulegrar tekjuaukningar í sjávarútvegi umfram það, sem við hafði verið búizt. Hafði það einnig haft hagstæð áhrif á viðskiptajöfnuðinn. Voru áhrif þessara breytinga orðin það veigamikil, að ástæða þótti til að láta þau koma fram á markaðsgengi krónunnar. Var markaðsgengi krónunnar því hækkað um 3,6% hinn 14. september.

Þessi hækkun markaðsgengis var þáttur í þeirri sveigjanlegu stefnu í gengismálum, sem tekin var upp 15. júní 1973, og hliðstæð gengishækkuninni 30. apríl 1973. Var með þessu stefnt að því, að breytingar á markaðsgengi yrðu framvegis miðaðar við að draga bæði úr áhrifum gengisbreytinga og verðlagsbreytinga erlendis á tekju- og verðlagsþróun hér á landi.

Eftir þetta var markaðsgengi gagnvart dollar haldið óbreyttu fram yfir áramót. Þar sem gengi dollars gagnvart flestum öðrum gjaldmiðlum hækkaði verulega á þessu tímabili, hækkaði jafnframt meðalgengi krónunnar um 4,17%, enda voru ytri aðstæður áfram hagstæðar.

Þegar litið er yfir þróun íslenskra gengismála á árinu 1973 í heild, vekur tvennt sérstaka athygli. Annars vegar hin mikla

hækkun krónunnar frá því í apríl, hins vegar hin nýja sveigjanlega gengisskráning, sem tekin var upp á árinu. Eftir tvær gengislækkningar með skömmu millibili, aðra í desember 1972 og hina í febrúar 1973, hækkar gengið verulega aftur fram til ársloka. Þar sem raunverulegar gengisbreytingar verða á þessu tímabili að verulegu leyti vegna breytinga á fljótandi gjaldmiðlum innbyrðis, hefur verið reiknuð út breyting á meðalgengi krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum, byggð á hlutfallslegum þætti þeirra í utanríkisviðskiptum Íslendinga. Fylgir hér með línurit, sem sýnir þessar breytingar. Jafnframt fylgir með tafla, sem sýnir stofngengi og eftir 14. júní miðmarkaðsgengi gagnvart Bandaríkjadollar.

Reynslan af hinu sveigjanlega gengiskerfi hlýtur að teljast hagstæð þann stutta tíma, sem því hefur verið beitt. Tekið hefur að draga nokkuð úr áhrifum gengissveiflna erlendis á innlent efnahagslíf og þar farið bil beggja milli dollars og annarra helztu viðskiptagjaldmiðla. Um leið hefur verið stefnt að því að draga úr áhrifum verðhækkana á útflutningsafurðum á innlend efnahagsmál. Er óhætt að fullyrða, að með þessari stefnu í gengismálum hafi verið dregið verulega úr þenslu og verðhækkunum á síðastliðnu ári frá því, sem ella hefði orðið.

Með þessu hefur í raun og veru verið tekið upp hér á landi nýtt gengiskerfi, miklu sveigjanlegra en fastgengiskerfið var. Hin nánú tengsl stofngengis og markaðsgengis hafa rofnað, og markaðsgengi gagnvart dollar getur breytt hvenær sem er, eftir aðstæðum hverju sinni. Um leið hefur stofngengi orðið óvirkt, að því er öll almenn viðskipti snertir, en markaðsgengi fengið sjálfstætt og aukið gildi í þess stað. Eins og fyrr segir var veitt lagaheimild með bráðabirgðalögum í júní 1973, til þess að markaðsgengi gæti farið út fyrir venjuleg mörk ofan við stofngengi. Hinn 28. desember sl. tók síðan gildi breyting á lögum um Seðlabanka Íslands, sem heimilaði, að vikið væri frá mörkum, bæði fyrir ofan og neðan stofngengi.



## ERLEND MÁL OG SAMNINGAR

### Alþjóðastofnanir

Seðlabankinn annast fyrir hönd íslenzkra stjórnvalda greiðsluviðskipti Íslands bæði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF) og Alþjóðabankann (IBRD) svo og systrastofnanir hins síðarnefnda, Alþjóðafjármálastofnunina (IFC) og Alþjóðaþróunarstofnunina (IDA).

Á árinu 1973 var aðalfulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins dr. Jóhannes Nordal, en varafulltrúi Jónas H. Haralz. Aðalfulltrúi í bankaráði Alþjóðabankans og systurstofnana hans var Lúðvík Jósepsson og Halldór E. Sigurðsson varafulltrúi. Aðalfundir þessara stofnana voru haldnir sameiginlega í Nairobi í Kenya, og sóttu þá allir íslenzku fulltrúarnir nema Halldór E. Sigurðsson. Jóhannes Eliasson sótti fundina í hans stað og auk þess Sigurgeir Jónsson. Sameiginlegir fulltrúar Norðurlandanna í sjóðsstjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins voru Erik Brofoss frá Noregi, aðalfulltrúi til 1. nóvember, en Per Åsbrink frá Svíþjóð eftir það, og Sven Lampe varafulltrúi. Í bankastjórn Alþjóðabankans og systurstofnana hans var Hans E. Kastoft frá Danmörku aðalfulltrúi og Carl I. Öhman varafulltrúi fram til 1. marz, en Annikki Saarela frá Finnlandi eftir það.

### Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var lömuð á árinu, enda ríkti mikil óvissa á gjaldeyrismörkuðum eins og á árinu 1972, og gullverð á frjálsum markaði hélt áfram að hækka. Á fyrsta fjórðungi ársins riðlaðist algjörlega fastgengiskerfi það, sem stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins byggist á. Tóku þá flest lönd upp sveigjanlega gengisskráningu í einhverri mynd. Dró þá mjög úr skyndihreyfingum á lausu fjármagni landa í milli, en allverulegar gengissveiflur komu í staðinn.

Ráðherranefnd sú, sem sett var á laggirnar á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins haustið 1972 til þess að endurskoða alþjóðagjaldeyriskerfið frá grunni, hélt þrjá fundi á árinu og lagði fram bráðabirgðaskýrslu á ársfundinum í Nairobi. Aðalfulltrúi Norð-



urlanda í nefndinni er Kjell Olaf Feldt frá Svíþjóð, en á fundum hennar og undirnefndar eru fulltrúar frá öllum Norðurlöndum.

Á síðari hluta ársins og sérstaklega undir árslokin hækkaði mjög verðlag á olíu á heimsmarkaði. Við það gjörbreyttust aðstæður í gjaldeyrismálum og alþjóðaviðskiptum, þar sem gífurlegur halli verður að óbreyttum aðstæðum á utanríkisviðskiptum flestra landa annarra en þeirra, sem flytja út olíu, og eru helztu iðnaðarlöndin þar engin undantekning. Ekki er séð fyrir afleiðingar þessara miklu breytinga.

#### **Alþjóðabankinn og systurstofnanir hans**

Á því fjárhagsári Alþjóðabankans, sem lauk 30. júní 1973, námu útlán bankans 2.051 millj. dollara, útlán Alþjóðaþróunarstofnunarinnar 1.357 millj. dollara og Alþjóðafjármálastofnunarinnar 147 millj. dollara.

Útistandandi skuld Íslands við Alþjóðabankann nam 26,5 millj. dollara í árslok 1973. Á árinu veitti bankinn Íslandi tvö lán. Annað er til hafnarframkvæmda á Suðurlandi að upphæð 7 millj. dollara og hitt til Sigölduvirkjunar að upphæð 10 millj. dollara. Að óbreyttum aðstæðum verður að gera ráð fyrir, að þetta verði síðustu lán Alþjóðabankans til Íslands, sem héðan í frá þurfi að byggja á eigin lánstrausti á alþjóðlegum lánamarkaði. Á ársfundi stofnananna í Nairobi náðist samkomulag í grundvallaratriðum, sem þó er háð staðfestingu þjóðþinga, um að auka verulega framlög til Alþjóðaþróunarstofnunarinnar á næsta þriggja ára fjárhagstímabili. Samkvæmt því mundi árlegt framlag Íslands aukast úr 150 þús. dollurum í 450 þús. dollara eða úr 0,02% af heildarframlögum í 0,03%.

#### **Norræn samvinna**

Seðlabankar Norðurlanda hafa með sér náðið samstarf, og halda þeir m. a. einu sinni á ári hverju fund, þar sem rætt er um sameiginleg vandamál. Á árinu 1973 var seðlabankafundurinn haldinn á Íslandi. Seðlabankinn hefur auk þess tekið þátt í störfum Fjárhagsnefndar Norðurlanda af Íslands hálfu. Hún fjallar um ýmis sameiginleg fjárhagsmálefni, einkum á sviði alþjóðafjármála. Nefndin starfaði mikið á árinu, aðallega til undirbúnings alþjóðlegra funda um endurskoðun alþjóðagjaldeyriskerfisins.

#### **Gengistrygging sterlingspundainnstæðu Íslands**

Undanfarin ár hefur verið veitt gengistrygging á sterlingspundainnstæður seðlabanka á svokölluðu sterlingssvæði, gegn því að gjaldeyrisforði þeirra sé að ákveðnu lágmarki í pundum. Ísland er eitt þessara landa og hefur notið gengistryggingarinnar. Samningur þessi átti að renna út 24. september, en var framlengdur til 1. marz 1974.

## Viðskiptasamningar

Hinn 6. febrúar 1973 var undirritaður nýr viðskipta- og greiðslusamningur milli Íslands og Austur-Þýskalands. Er þetta langtímasamningur með gildistíma frá 1. janúar 1973 til ársloka 1977. Í þessum nýja samningi er gert ráð fyrir greiðslum milli landanna í frjálsum gjaldeyri. Áður voru viðskipti milli landanna á vöruskiptagrundvelli samkvæmt samningi, sem byggður var á einkaviðskiptum.

Hinn 1. apríl 1973 var ákveðið, að greiðslur milli Íslands og Brasilíu, sem verið höfðu milli seðlabanka landanna, skyldu framvegis vera frjálsar.

Vöruskiptasamningur á jafnvirðisgrundvelli við Sovétríkin var óbreyttur í gildi á árinu og sömuleiðis viðskiptasamningur við Pólland, Rúmeníu, Tékkóslóvakíu og Ungverjaland.

## UMSJÁ SJÓÐA OG ÝMIS STARFSEMI FYRIR RÍKISSJÓÐ

### Ríkisábyrgðasjóður

Seðlabankinn annast starfsemi Ríkisábyrgðasjóðs í umboði fjármálaráðuneytisins samkvæmt samningi frá 1962.

Starfsemi sjóðsins var með sama hætti á sl. ári og áður, undirbúningur og afgreiðsla vegna nýrra ríkisábyrgða, innlausn krafna, sem á ríkissjóð falla vegna ábyrgða hans á lánum, og innheimta slíkra krafna. Að auki hefur sjóðurinn með höndum vörzlu ýmissa lána, sem ríkissjóður hefur veitt af eigin fé, og andvirði lána, sem hann hefur tekið.

Fjöldi nýrra ábyrgða varð til muna meiri árið 1973 en árið áður, en þar munar eingöngu um fjölgun ábyrgða á lánum byggingarsamvinnufélaga. Fjöldi annarra ábyrgða varð svipaður og árið áður. Fjárhæð ábyrgða hækkaði mjög mikið eins og sést af yfirlitinu hér á eftir. Þar munar einkum um ábyrgðir vegna samgöngumála og raforkumála.

	1972	1973	
	millj. kr.	fjöldi	áb. millj. kr.
Hafnargerðir og dráttarbrautir .....	56	21	53
Vatnsveitur .....	8	13	23
Hitaveitur .....	5	—	—
Fiskiðnaður .....	11	7	14
Iðnaður .....	28	3	45
Raforkumál .....	—	4	546
Samgöngur .....	—	1	435
Togarar .....	596	7	114
Byggingarsamvinnufélög .....	290	1.103	373
Annað .....	6	3	37
	1.000	1.162	1.640

Fjöldi skuttogara kom til landsins á árinu, nýrra og notaðra. Ríkissjóður veitir fyrirgreiðslu til kaupa á skipum þessum, yfirléitt með því að ábyrgjast lán til kaupa á þeim, en lánar beint til kaupa á sumum. Á yfirlitinu hér að framan eru aðeins taldar ábyrgðir, sem gengið var frá á árinu, en nokkur tími getur liðið, frá því að skip koma, þangað til að gengið er frá ábyrgðar-



skjölum. Sú fjárhæð, sem greinir á yfirlitinu, er áhætta ríkissjóðs, sem nemur sem næst 13,3% af kaupverði skipanna. Ábyrgðir vegna byggingarsamvinnufélaga eru nú fleiri og hærri að fjárhæð en nokkru sinni fyrr, en ætla má, að lokið sé nú veitingu þessara ábyrgða eða því sem næst. Á sl. ári var sú breyting gerð á lögum um byggingarsamvinnufélög, að ekki er lengur gert ráð fyrir því, að ríkissjóður ábyrgist lán vegna byggingarsamvinnufélaga.

Enn dró nokkuð úr greiðslubyrði Ríkisábyrgðasjóðs miðað við fyrri ár. Innlausir vanskilakrafna jukust að vísu mjög, en endurgreiðslur hækkuðu nokkru meira, svo að nettógreiðslur lækkuðu. Hér fer á eftir yfirlit yfir innlausnir vanskilakrafna, endurgreiðslur og nettógreiðslur árin 1969—1973 (í millj. kr.).

	1969	1970	1971	1972	1973
Innleystar kröfur .....	371	255	200	177	277
Endurgreiðslur skuldara .....	266	263	107	133	243
	105	÷ 8	93	44	34

Nú þegar eru farnar að falla á sjóðinn greiðslur vegna lána, sem tekin hafa verið vegna hinna nýju togara. Greiðslur vegna þeirra eru stærsti hluti þeirra 34 millj. kr., sem nettógreiðslur Ríkisábyrgðasjóðs námu á sl. ári. Einnig féllu á sjóðinn talsverðar greiðslur vegna fiskiðnaðar og samgangna.

Í tengslum við Ríkisábyrgðasjóð er Tryggingardeild útflutningslána. Henni er ætlað að tryggja lán, sem bankar eða aðrar lánastofnanir veita til fjármögnunar útflutningslána. Starfsemi deildarinnar var lítil sem engin á sl. ári.

### Framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkissjóðs

Lög um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkissjóðs voru samþykkt á Alþingi 25. apríl 1973. Upphæð áætlunarinnar miðað við fulla nýtingu heimilda var 1.118,0 millj. kr., og að auki voru Framkvæmdasjóði Íslands ætlaðar 150,0 millj. kr. Fjáröflun nam jafnhárri fjárhæð.

Heimildir samkvæmt áætluninni voru ekki fullnýttar, en hins vegar voru afgreidd nokkur lán til framkvæmda, sem ekki voru samkvæmt áætlun þessa árs, en tengdar henni. Yfirlit yfir afgreiðslu framkvæmdaáætlunar 1973 og fjáröflun fer hér á eftir í millj. kr.:

#### I. Framkvæmdaáætlun 1973:

Afgreidd lán samkvæmt áætlun um opinberar framkvæmdir .....	1.025,4
Lán til Framkvæmdasjóðs .....	150,0
Erlend lántaka .....	272,0

Innlend fjáröflun:			
Seld spariskírteini .....	350,0		
Innheimtufé spariskírteinalána .....	350,0		
Happdrættislán vegna Skeiðarársandsveggar ..	200,0	900,0	
Mismunur .....		3,4	
			1.175,4 1.175,4
II. Hreyfingar utan áætlunar 1972:			
Bráðabirgðalán vegna framkvæmda á Skeiðar- ársandi .....		298,0	
Bráðabirgðalán vegna Laxárvirkjunar .....		60,0	
Af andvirði happdrættislána .....	23,4		
Uppgjör spariskírteinasölu 1972 .....	23,5		
Mismunur .....	311,1		
		358,0	358,0
III. Heildaryfirlit:			
Mismunur áætlunar 1973 .....		3,4	
Mismunur hreyfinga utan áætlun 1973 ....		311,1	
Breytt staða við Seðlabanka .....	314,5		
		314,5	314,5

### Lánaumsjá fyrir ríkissjóð

Seðlabankinn veitir ríkissjóði ýmsa fyrirgreiðslu í sambandi við lántökur, en Ríkisábyrgðasjóði er lögum samkvæmt ætlað að annast vörzlu lána þeirra, sem ríkissjóður veitir af eigin fé sínu eða af fé, sem hann tekur að láni í því skyni að endurlána það. Heildarfjárhæð slíkra lána í vörzlu Ríkisábyrgðasjóðs nam í árslok 1973 9.809 millj. kr. og hækkaði á árinu um 1.791 millj. kr. Eins og síðar getur voru á árinu gefnir út 2 flokkar spariskírteina, samtals að fjárhæð 435 millj. kr. Ennfremur voru gefnir út 2 flokkar happdrættisskuldabréfa að fjárhæð 230 millj. kr. Ríkissjóður tók 2 stór erlend lán. Annað var boðið út á markaði í Evrópu. Það var 12 milljónir evrópskra reikningseininga, sem jafngiltu um 1.306 millj. kr. Hið síðara var tekið hjá Alþjóðabankanum og nam 7 milljónum dollara. Ennfremur tók ríkissjóður lán erlendis, er nam 80% af smíðaverði þeirra skuttogara, sem hann samdi um smíði á, og eru lán þessi endurlánuð kaupendum skipanna. Heildarfjárhæð lána, sem afgreidd voru í nafni ríkissjóðs, nam 2.442 millj. kr. á árinu 1973.

Með lögum um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun var fjármálaráðherra heimilað að gefa út verðtryggt spariskírteini að fjárhæð 350 millj. kr. Skírteinin voru gefin út í tveim flokkum, 175 millj. kr. í hvorum. Fyrri flokkurinn var gefinn út í maí, en hinn síðari í nóvember, og seldust öll útgefin skírteini. Til viðbótar þeim 350 millj. kr., sem fyrrgreind lög heimiluðu, mátti



**Útgáfa spariskírteina  
og happdrættis-  
skuldabréfa**

selja skírteini sem nam höfuðstóli og verðbótum innleystra skírteina, og var sú heimild notuð. Samtals nam sala spariskírteina 435 millj. kr. Allt innkomið andvirði hinna seldu skírteina var notað til lánveitinga samkvæmt framkvæmdaáætlun, og að auki var varið til lánveitinga 350 millj. kr. af innheimtufé eldri lána af spariskírteinafé.

Gerð var tilraun með nýbreytni í sambandi við spariskírteinaútgáfu, þ. e. til sölu voru skírteini, sem endurgreiðast áttu með jöfnum árgreiðslum á 15 árum. Fylgdu þeim árgreiðslumiðar, sem innleysast skulu árlega, og greiðist þá af þeim verðbót. Lítið var selt af þessum skírteinum. Önnur skírteini, sem út voru gefin, voru með sömu kjörum og árið áður, þ. e. hámarkslánstími er 14 ár, og meðalvextir fyrir allan lánstímann eru 5% á ári. Vextir fyrstu 4—5 árin eru 3% á ári, og skírteinin eru innleysanleg eftir 5 ár. Greiðslur afborgana og vaxta eru bundnar vísitölu byggingarkostnaðar.

Þetta er tíunda árið, sem ríkissjóður aflar sér fjár til framkvæmda með slíkri lántöku. Seðlabankinn sá nú eins og áður um undirbúning og framkvæmd spariskírteinaútgáfunnar og sölu skírteinnanna. Alls hafa á þessum 10 árum verið gefin út spariskírteini að nafnverði 1.585 millj. kr. auk endurútgáfu vegna innlausnar skírteina. Höfuðstóll skírteina, sem útistandandi voru í árslok 1973, var 1.694,3 millj. kr., en innlausnarverð skírteina þessara, þ. e. höfuðstóll ásamt áföllnum vöxtum og verðbótum, nam á sama tíma um 3.820 millj. kr.

Vegna framkvæmda á Skeiðarársandi voru nú öðru sinni boðin til sölu happdrættisskuldabréf. Bréfin voru boðin út í tveim flokkum, 130 millj. kr. í hinum fyrri, en sala hans hófst í apríl, og 100 millj. kr. í hinum síðari, sem hafin var sala á í september. Hæppdrættisskuldabréf þessi seldust öll. Þau eru með sömu kjörum og bréf þau, sem seld voru 1972. Árlega eru dregnir út vinningar, sem nema 7% af höfuðstóli bréfanna. Bréfin eru innleyst að 10 árum liðnum, og greiðist þá af þeim verðbót miðað við vísitölu byggingarkostnaðar.

**Orkusjóður**

Samkvæmt ákvæðum í orkulögum frá 1966 sér Seðlabankinn um bókhald og afgreiðslu fyrir Orkusjóð, en Orkuráð fer með stjórn hans. Tekjur Orkusjóðs eru auk framlaga úr ríkissjóði tekjur af rekstri og verðjöfnunargjald af raforkusölu. Sjóðurinn veitir lán til raforkuframkvæmda og virkjunar jarðhita og framlög og styrki til virkjunarrannsóknna og jarðhitaleitar.

Framlög úr ríkissjóði áttu samkvæmt fjárlögum 1973 að vera 101,0 millj. kr., en voru lækkuð nokkuð og urðu 92,7 millj. kr., 42,5 millj. kr. til rafvæðingar í sveitum, 4,3 millj. kr. til jarð-



hitaleitar og 45,9 millj. kr. til endurgreiðslu lána, sem staðið hafa undir styrkveitingum undanfarin ár.

Lántökur námu alls 516,0 millj. kr. síðastliðið ár, og voru þau lán öll tekin innan framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ríkissjóðs. Lánveitingar urðu alls 359,6 millj. kr. og skiptust eins og hér greinir:

Lán til Rafmagnsveitna ríkisins .....	350,0 millj. kr.
Rafstöðvalán til bænda .....	1,4 millj. kr.
Lán til jarðhitaleitar og virkjunar jarðvarma .....	8,2 millj. kr.
Samtals	359,6 millj. kr.

Heildarútlán sjóðsins námu 1.515,0 millj. kr. í árslok 1973. Framlög og styrkir úr Orkusjóði námu alls 266,0 millj. kr. árið 1973. Framlög til virkjunarrannsóknna og rannsóknna vegna stofnlínu til Norðurlands námu 56,0 millj. kr., en framlög til rafvæðingar 210,0 millj. kr.

#### Hafnabótasjóður

Seðlabankinn sér samkvæmt ákvæði í hafnalögum frá 1967 um bókhald og afgreiðslu fyrir Hafnabótasjóð, en sjóðurinn lýtur stjórn samgöngumálaráðherra.

Tekjur Hafnabótasjóðs eru, auk vaxtatekna af lánnum, framlag úr ríkissjóði og lántökugjald. Framlag ríkissjóðs var í fjárlögum fyrir árið 1973 ákveðið 22,0 millj. kr. eða jafnhátt og árið áður. Framlag þetta var hins vegar lækkað um 15% og varð því í raun 18,7 millj. kr. eða 3,3 millj. kr. lægra en árið áður. Hreinar vaxtatekjur urðu 6,1 millj. kr., sem var 2,7 millj. kr. hærra en árið áður.

Á árinu tók sjóðurinn lán, samtals að fjárhæð 102,5 millj. kr. Hjá Atvinnuleysistryggingasjóði var tekið lán að fjárhæð 32,5 millj. kr., og tekið var lán að fjárhæð 70,0 millj. kr. hjá Seðlabanka Íslands.

Alls voru á árinu veitt 38 lán, samtals að fjárhæð 86,5 millj. kr., og að auki voru veitt 6 bráðabirgðalán að fjárhæð 21,0 millj. kr. eða 107,5 millj. kr. alls. Lánnum, sem veitt voru, má skipta í tvennt, annars vegar lán til framkvæmda, sem námu 54,0 millj. kr. auk bráðabirgðalánanna, hins vegar voru lán, sem veitt voru vegna slæmrar greiðslustöðu hafnarsjóða. Slík lán voru samtals að fjárhæð 32,5 millj. kr. Heildarútlán sjóðsins námu í árslok 241,6 millj. kr.

Engin breyting varð á starfsemi Verðjöfnunarsjóðs á árinu 1973. Þróun verðlags á þeim afurðum, sem sjóðurinn nær til, var

**Verðjöfnunarsjóður  
fiskiðnaðarins**

áframhaldandi hagstæð á árinu. Hin mikla hækkun framleiðslu-  
kostnaðar innanlands át þó að verulegu leyti upp verðhækk-  
anirnar, að því er snerti frystar fiskafurðir og saltfisk, og grund-  
vallarverð til viðmiðunar varð að ákveða hærra en áður með  
tilliti til fiskverðshækkana og kostnaðarhækkana. Öðru máli  
gegnði um loðnumjöl. Þar var um mjög mikla verðhækkun að  
ræða, sem leiddi til verulegrar greiðslu í sjóðinn. Var það mikil  
breyting frá árinu áður, þegar greiða varð úr sjóðnum vegna  
verðfalls á loðnuafurðum, en þá námu þær greiðslur alls kr.  
55.383 þús. Ennfremur hafði verið greitt úr sjóðnum vegna  
framleiðslu tímabilsins okt.—des. 1972 á freðfiski og saltfiski  
í samræmi við breytingu á lögum sjóðsins á því ári, og námu  
þær greiðslur alls kr. 98.260 þús.

Endanlegt uppgjör fyrir framleiðslu ársins 1972 liggur fyrir  
og sýnir eftirfarandi skiptingu á innheimtu fé og greiðslum úr  
sjóðnum eftir deildum:

	<i>Innheimt</i>	<i>Útgreitt</i>
	<i>þús. kr.</i>	
Frystar fiskafurðir .....	31.463	85.301
Saltfiskur .....	9.386	12.959
Loðnumjöl .....	0	34.845
Loðnulýsi .....	0	20.538

Uppgjöri fyrir framleiðslu ársins 1973 er enn ekki að fullu lokið,  
en eins og áður segir voru greiðslur í sjóðinn minni en verð-  
hækkanir hefðu gefið tilefni til, ef frá er talið það, sem kom  
af loðnumjöli. Gera má ráð fyrir, að heildargreiðslur til hinna  
einstöku deilda sjóðsins vegna framleiðslu ársins 1973 geti numið

sem hér segir:

Frystar fiskafurðir .....	kr. 145 millj.
Saltfiskur .....	— 102 —
Loðnumjöl .....	— 322 —
Loðnulýsi .....	— 5 —

## REKSTUR BANKANS OG ÝMIS STARFSEMI

**Rekstur Seðlabankans** Samkvæmt rekstrarreikningi fyrir árið 1973 nam rekstrarhagnaður Seðlabankans 3,9 millj. kr. Höfðu þá verið færðir til gjalda 10% vextir af eigin sjóðum bankans (62,5 millj. kr.) og 18% arður af stofnfé. Arðgreiðslan gengur til Arðsjóðs, en helmingi tekna hans er árlega varið til starfsemi Vísindasjóðs. Þátttaka í kostnaði Framkvæmdastofnunar ríkisins nam 13,4 millj. kr. á árinu, og framlag til Eftirlaunasjóðs starfsmanna nam 3,0 millj. kr. Landsútsvar, launaskattar og fleiri opinberar greiðslur námu alls 4,5 millj. kr. Ennfremur voru bankabyggingar afskrifaðar um 15,0 millj. kr. Af tekjuafgangi til ráðstöfunar að upphæð 8,3 millj. kr. ákvað bankaráð að leggja 2,5 millj. kr. í Varasjóð, 2,5 millj. kr. í Húsbyggingarsjóð og 0,5 millj. kr. í Arðjöfnunarsjóð.

Samkvæmt ákvörðun bankastjórnar voru gamlir seðlar í umferð, sem innkallaðir höfðu verið með auglýsingu 15. janúar 1970, afskrifaðir í árslokin og andvirði þeirra að upphæð 7,1 millj. kr. fært á varasjóð. Ennfremur var hagnaður að upphæð 5,4 millj. kr., sem fram kom við sölu erlendra verðbréfa á árinu, færður á varasjóð.

Miklar breytingar á daglegri gengisskráningu bankans á árinu orsökuðu nettólækkun á gjaldeyriseignum hans að upphæð 800,2 millj. kr., og óuppert gengistap frá stofngengisbreytingunni 20. des. 1972 reyndist 138,6 millj. kr. Gengisbreytingareikningar bankans lækkuðu því alls um 938,8 millj. kr. á árinu, og nettóstaða þeirra var ÷89,6 millj. kr. í lok ársins.

Stofnfé og eigin sjóðir Seðlabankans að frátöldum gengisbreytingareikningum námu 747,8 millj. kr. í lok ársins 1973 og höfðu hækkað um 73,3 millj. kr. á árinu.

Af sjóðum bankans eru þá tveir ótaldir. Arðsjóður nam í árslokin 69,9 millj. kr. og hafði þá lagt til Vísindasjóðs 11,9 millj. kr. af árstekjunum og sjóður vegna eftirlaunasjóðs starfsmanna nam í árslokin 20,2 millj. kr. eftir greiðslu verðbóta á eftirlaun



að upphæð 2,8 millj. kr. Heildarlækkun allra sjóða Seðlabankans nam 853,4 millj. kr. á árinu 1973.

## Byggingarmál Seðlabankans

Undir lok ársins 1972 höfðu borgaryfirvöld veitt öll nauðsynleg leyfi til handa Seðlabankanum að hefja byggingu nýs bankahúss við Sölvhólgötu, norðan Arnarhóls. Var þá strax hafizt handa af bankans hálfu um undirbúning byggingarframkvæmda og boðinn út fyrsti áfangi byggingarinnar, þ. e. grunngröftur og undirbúningur undir byggingu kjallara. Þær framkvæmdir hófust síðan í lok júnímánaðar sl. Skömmu eftir að framkvæmdir hófust, komu fram mótmæli gegn byggingarframkvæmdum og var það aðallega staðarvalið, sem gagnrýnt var.

Borgaryfirvöld hvöttu þá til viðræðna um hugsanlegar breytingar á byggingarfyrirætlunum bankans og ákváðu bankaráð og bankastjórn að verða við þeim tilmælum, ef finna mætti leið til að koma til móts við þau sjónarmið, sem birtust í mótmælunum. Ljúka varð þó við þann áfanga verksins, sem þegar var umsaminn og hafinn.

Hefur um nokkurt skeið verið unnið að endurskoðun byggingaráforma í samráði við borgaryfirvöld út frá ofangreindum sjónarmiðum, en einnig var við það miðað, að unnt væri að nýta sem bezt það, sem þegar hefur verið unnið, og koma þannig í veg fyrir sóun verðmæta. Er vonandi, að þessi töf verði ekki löng, þar sem bankanum er mikil nauðsyn að fá betri vinnu- aðstöðu fyrir starfsemi sína en hann hefur nú.

## Seðlar og mynt

Í lok ársins voru seðlar og mynt í umferð 2.870,9 millj. kr. og höfðu aukizt um 25,6% á árinu, sem er hlutfallslega sama aukning og árið áður. Í 15. töflu í töflusafninu er sýnt mánaðarlegt yfirlit yfir veltu seðla og myntar, meðalveltu hvers mánaðar og veltu seðla og myntar að frádregnum seðlasjóði banka og sparisjóða árin 1972 og 1973. Í 16. töflu er sýnd skipting seðlamagnsins á seðlastærðir og sést þar, að meginhluti aukningarinnar á árinu er í 5000 kr. seðlum, sem voru í árslok 62,9% af seðlum í umferð. Að því er seðlafjöldann varðar, voru 100 kr. seðlar langflestir eða 14%, en fjöldi 500 kr. seðla aðeins 10%. Í 17. töflu er sýnd skipting myntar á myntstærðir. Voru allar myntstærðir slegnar með ártalinu 1973, en á árinu voru settar í umferð 31,9 millj. kr. af skiptimynt.

Með auglýsingu, dags. 15. maí 1973, voru 25 kr. seðlar innkallaðir. Seðlarnir höfðu verið gefnir út skv. lögum frá 1957 með nafni Landsbanka Íslands, Seðlabankans, og skv. lögum frá 1961 með nafni Seðlabanka Íslands, en hætt var að láta þá í umferð á miðju ári 1970, þegar 50 kr. mynt leysti þá af

hólmi. Frestur til að innleysa seðlana í peningastofnunum er til 15. maí 1974, en þá hætta þeir að vera lögmetur gjaldmiðill. Seðlabankanum er þó skylt að innleysa seðlana eigi skemur en í 12 mánuði eftir lok þessa frests.

Kostnaðarverð á seðlum og mynt í árslok var sem hér segir:

5000 kr. seðill	kr. 1,38	50 kr. mynt	kr. 4,05
1000 — — —	1,21	10 — — —	2,00
500 — — —	1,19	5 — — —	1,35
100 — — —	0,85	1 — — —	1,16
		50 aura — —	0,84
		10 — — —	0,38

Á árinu 1973 framkvæmdi bankaeftirlitið könnun hjá einum viðskiptabanka og 40 sparisjóðum.

Fjöldi viðskiptabanka, sparisjóða og afgreiðslustaða þessara stofnana var sem hér segir í árslok 1972 og 1973:

	<i>Árslok 1972</i>	<i>Árslok 1973</i>
Viðskiptabankar .....	7	7
Bankaútibú .....	57	58
Umboðsskrifstofur banka .....	11	13
Sparisjóðir .....	51	47
Umboðsskrifstofur sparisjóða .....	1	1
	<hr/>	<hr/>
Afgreiðslustaðir alls	127	126

Breytingar á fjölda framangreindra stofnana og afgreiðslustaða á árinu 1973 voru þessar:

1. Búnaðarbanki Íslands opnaði útibú á Hólmavík og yfirtók Sparisjóð Kaupfélags Steingrímsfjarðar og Sparisjóð Kaldrananeshrepps.
2. Búnaðarbanki Íslands opnaði umboðsskrifstofur á Laugarvatni og Hofsósi og yfirtók Sparisjóð Hofshrepps.
3. Auk ofangreindra sparisjóða var Sparisjóður Reykjafjarðarhrepps lagður niður, en útibú Útvegsbanka Íslands, Ísafirði, yfirtók eignir og skuldir sparisjóðsins.

Á árinu 1973 fékk Landsbanki Íslands leyfi fyrir rekstri útibús á Neskaupstað og Fáskrúðsfirði, en starfræksla hafði ekki hafizt um sl. áramót.

Á árinu 1973 var stofnuð innlánsdeild við Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Hólmavík, og fjölgaði því innlánsdeildum samvinnufélaga úr 37 í 38 á árinu.

Sem fyrr annast bankaeftirlitið framkvæmd á reglum um innlánsbindingu innlánsstofnana, söfnun og úrvinnslu reglulegra skýrslna um efnahag og rekstur þessara stofnana og önnur störf, sem almennt varða rekstur peninga- og lánastofnana.



## Seðlabankinn og Heimaeyjargosið

Mikil vinna var innt af hendi í bankaeftirlitinu til undirbúnings heildarlöggjafar um ríkisviðskiptabanka í framhaldi af úttekt bankamálanefndar á bankakerfinu á árinu 1972.

Hinn 23. janúar 1973 hófst eldgos í Heimaey. Þegar í upphafi þess átti Seðlabankinn aðild að efnahagslegri úttekt á högum Vestmannaeyinga og Vestmannaeyja almennt og stóð að samningu laga um Viðlagasjóð.

Seðlabankinn tók þegar upp viðtækt samstarf við þær innlánsstofnanir, sem störfuðu í Vestmannaeyjum. Flutti Sparisjóður Vestmannaeyja í húsakynni Seðlabankans og hóf full störf og afgreiðslu föstudaginn 26. janúar 1973. Voru starfsmenn sparisjóðsins gestir í starfsstofum bankans allt árið. Sparisjóðurinn hóf aftur starfsemi í Vestmannaeyjum 15. sept. 1973, en öll starfsemi sparisjóðsins fluttist síðan til Vestmannaeyja í marzlok 1974. Útibú Útvegsbankans flutti þegar alla starfsemi sína í aðalbankann í Reykjavík. Hófu starfsmenn útibúsins mikið starf næstu vikurnar við að aðstoða bátaeigendur og fyrirtæki, einkum þjónustufyrirtæki við útveginn, að koma sér upp nýrri aðstöðu á landinu.

Þá tók útibúið að sér launagreiðslur til starfsmanna Viðlagasjóðs. Útibúið tók á ný upp afgreiðslu í Eyjum að hluta í september 1973, en að fullu 21. janúar 1974.

Vestmannaeyjanefndin, sem ríkisstjórnin skipaði, hóf starf fimmtudaginn 25. janúar 1973. Hún starfaði fyrst í Útvegsbankanum, en flutti starfsemi sína í Seðlabankann og starfaði þar til 15. febrúar sama ár.

Föstudaginn 26. janúar 1973 var byrjað að veita bráðabirgðalán til Vestmannaeyinga að fyrirlagi Seðlabankans í samráði við Rauða krossinn. Voru þau veitt með milligöngu útibús Útvegsbanka og Sparisjóðs Vestmannaeyja. Lánveitingum þessum var síðan haldið áfram á vegum Viðlagasjóðs með sama hætti, þar til fullri umferð var lokið.

Viðlagasjóður tók til starfa 15. febrúar 1973 og tók við starfsaðstöðu Vestmannaeyjanefndar í Seðlabankanum og því starfliði, sem bankinn hafði lagt til. Hélt sjóðurinn starfsaðstöðu sinni við Seðlabankann til maíloka og flutti þá í nýju Tollstöðina, þar sem hann hefur síðan haft aðaladsetur.

Í lögum og reglugerð fyrir Viðlagasjóð var gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn tæki að sér bókhald fyrir sjóðinn og legði honum til alla reikningsaðstöðu. Hefur þetta starf hvílt á aðal-bókhaldi bankans með daglegri endurskoðun í endurskoðunar-deild hans. Síðan tekur við starf ríkisendurskoðunar.



## STJÓRN BANKANS OG STARFSLIÐ

### Stjórn bankans

Nýtt bankaráð var kjörið á Alþingi í árslok 1972. Er kjörtími þess til fjögurra ára frá ársbyrjun 1973.

Svanbjörn Frimannsson lét af störfum sem seðlabankastjóri í lok ársins sakir aldurs. Hann starfaði við Íslandsbanka og Útvegsbanka Íslands hf. frá 1920 til 1935. Við Landsbankann starfaði hann frá 1936 til 1971, þar af sem bankastjóri frá 1957. Hann kom til starfa í Seðlabankanum hluta árs 1969, en var skipaður seðlabankastjóri árið 1971 og tók til starfa 1. maí það ár. Hefur Svanbjörn Frimannsson átt einstakan starfsferil við banka í 53 ár.

Við starfi Svanbjarnar tók Guðmundur Hjartarson, framkvæmdastjóri, frá og með 1. janúar 1974.

